



FRÁ TÆKIFÆRUM TIL TEKJUSKÖPUNAR

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 13.-14. OKTÓBER 2011



Íslandsbanki



Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsradstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistösk á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.

Stjórn félagsins

Guðbrandur Sigurðsson, formaður
Halldór Ármannsson
Halldór Þórarinsson
Hjörtur Gíslason
Kristján Hjaltason
Sjöfn Sigurgísladóttir

Útgefandi: Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Hönnun og uppsetning: Oddi ehf.
Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson
Skráning og móttaka: RS Ferðalausnir slf.
Prentun: Oddi ehf
Upplag: 450 eintök





SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

FRÁ TÆKIFÆRUM TIL TEKJUSKÖPUNAR

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 13.-14. OKTÓBER 2011

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	7
Dagskrá.....	10
Útdrættir erinda.....	12
Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011.....	30
Íslenskur sjávarútvegur.....	33
Sjávarútvegsráðstefnan 2010.....	41



Hluti af sjávarútvegsteymi Íslandsbanka á Sjávarútvegssýningunni í Smáranum í september síðastliðnum. Frá vinstri: Pálmi Haraldsson, Ragnar Guðjónsson, Karen Bjarney Jóhannsdóttir, Sigvatnur Ingi Gunnarsson, Rúnar Jónsson, Vilhelm Már Þorsteinsson, Arni Magnússon og Una Steinsdóttir.

Sjávarútvegsteymi Íslandsbanka Sérþekking í þína þágu

Hjá Íslandsbanka starfar hópur sérfræðinga með mikla þekkingu í sjávarútvegi. Hópurinn er hluti af fyrirtækjaviði Íslandsbanka og er ábyrgur fyrir samskiptum og þjónustu við innlend og erlend sjávarútvegsfyrirtæki, ásamt útgáfu greiningarefnis um sjávarútveg víða um heim. „Í sjávarútvegsteymi bankans er hópur fólks sem býr yfir mikilli sérþekkingu og reynslu á þessu sviði, fólk sem hefur starfað lengi við sjávarútveg. Það er ekki ein-

ungis um að ræða bankatengda reynslu heldur hafa einnig margir í teymi okkar víðtæka reynslu og þekkingu á öðrum sviðum sjávarútvegs“ segir Rúnar Jónsson, viðskiptastjóri sjávarútvegs hjá Íslandsbanka. „Saga Íslandsbanka og sjávarútvegs hefur verið samofin frá stofnun bankans enda var Íslandsbanki upphaflega stofnaður einmitt til þess að styðja við uppbyggingu íslensks fiskiskipafloata í upphafi síðustu aldar,“ segir Rúnar ennfremur.

„Hagkvæmni í sjávarútvegi er meiri á Íslandi en á Norðurlöndum“

- Íslandsbanki stóð fyrir vel heppnuðum fundi með Audun Iversen, sérfræðingi hjá Nofima

Föstudaginn 23. september síðastliðinn stóð Íslandsbanki fyrir vel heppnuðum fundi í tengslum við Sjávarútvegssýninguna sem haldin var í Kópavogi. Á fundinum fjallaði Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, um sérhæfingu bankans á sviði sjávarútvegs og Rúnar Jónsson, viðskiptastjóri sjávarútvegs hjá Íslandsbanka, kynnti nýútkomna sjávarútvegsskýrslu bankans. Aðalefni fundarins var skýrsla Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar um sjávarútveg á Norðurlöndunum en aðalhöfundur hennar er Audun Iversen, sérfræðingur hjá Nofima, sem kynnti niðurstöður hennar á fundinum.



Góðar niðurstöður fyrir íslenska sjávarútveginn


Í skýrslu Auduns kemur fram að Norðurlöndin framleiða og flytja samanlagt út um 15% af fiskafurðum í heiminum. Ísland er í 15. sæti á lista yfir verslun með fiskafurðir á heimsvísu, en í skýrslunni kemur fram að Noregur og Ísland eru með mestu verðmætasköpun í fiskveiðum, Noregur með 6,3 milljarða og Ísland með 6,2 milljarða norskra króna. Neysla á fiskafurðum hefur vaxið hraðar en fólksfjölgun síðan 1950, en nær öll aukning síðustu 20 árin kemur úr fiskeldi, en þar eru Norðmenn og Kínverjar í fararbroddi. Einnig kemur fram að verðmætasköpun á hvern starfsmann við fiskveiðar og

fiskvinnslu er mestur hér á landi af öllum Norðurlöndunum. Ef horft er á verðmætasköpun á íbúa eru Færeyingar hinsvegar efstir á lista.

Hinar þjóðirnar geta lært af Íslendingum

Audun segir að þessar niðurstöður séu fyrst og fremst fiskveiðistjórnunarkerfinu á Íslandi að þakka: „Verðmætasköpun fiskveiða á Íslandi er álíka mikil og í Noregi þó svo að magn og verðmæti sé tvöfalt meira í Noregi en hér á landi. Það er okkar niðurstaða að fyrirkomulag fiskveiða hér hafi stuðlað að þessari betri verðmætasköpun, til dæmis þar sem á Íslandi mega sjávarútvegsfyrirtækin stunda bæði veiðar og vinnslu, en í Noregi eru skil á milli þessara hluta

Niðurbrot á hagnaði greina eftir löndum



starfseminnar. Þetta hjálpar Íslendingum á þann hátt að útgerðir geta haft meiri áhrif á gæði þess hráefnis sem þær svo vinna og selja heldur en t.d. í Noregi.“ Audun benti jafnframt á að samvinna Norðurlandþjóða væri æskileg og þær ættu í

raun að skiptast á upplýsingum og rannsóknum í stað þess að líta á sig sem samkeppnisaðila. Fundurinn var afar vel sóttur af hagsmunaaðilum og áhuga-fólki um sjávarútveg og sköpuðust góðar umræður um hagkvæmni sjávarútvegsins.

Íslandsbanki

Traustur samstarfsaðili í sjávarútvegi



Í meira en öld hafa Íslandsbanki og forverar hans þjónað íslenskum sjávarútvegi og lagt mikla áherslu á þarfir viðskiptavina sinna í þeim geira, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Íslandsbanki gefur reglulega út skýrslur og greiningar, auk upplýsingaveitu um sjávarútveginn.

Sjávarútvegsskýrslur

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 13.–14. október munum við kynna nýja skýrslu Íslandsbanka um íslenska sjávarútveginn þar sem fjallað er um helstu hagstærðir, þýðingu sjávarútvegs fyrir efnahag landsins og rekstrarárangur fyrirtækja í greininni. Nýju skýrsluna um íslenska sjávarútveginn er hægt að nálgast á www.islandsbanki.is/fiskur.

Sjávarútvegsupplýsingaveita

Sjávarútvegsupplýsingaveita er alþjóðleg upplýsingaveita um sjávarútveginn. Hún inniheldur gagnvirkar tölur og gróf með upplýsingum um veiðar, neyslu og hlutabréfaverð sjávarútvegsfyrirtækja eftir löndum. Sérstök áhersla er lögð á Bandaríkin og Ísland. Upplýsingaveitan er öllum opin og aðgengileg á www.islandsbanki.is/fiskur.

Í lífsins ólgusjó

Heilsa og heilbrigður lífsstíll á að vera eitt af meginverkefnum hjá stjórnendum fyrirtækja

Forvarnaráðgjafar TM bjóða sjávarútvegsfyrirtækjum sem tryggja starfsemi sína hjá TM ráðgjöf og tillögur að úrbótum á sviði mataræðis, heilsufars og öryggis sjómanna.

- // Tillögur að breyttu mataræði og hreyfingu
- // Samvinna við kokka á skipum
- // Heilsufarsmælingar
- // Vinnuaðstæður og líkamsbeiting um borð
- // Önnur öryggismál

„Þetta átak TM hefur komið af stað miklu heilsuátaki sem skilar sér í betra lífi hjá starfsfólkinu og fjölskyldum þeirra, og öflugri starfsmönnum.“

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Hafðu samband við forvarnaráðgjafa TM:

Sonja Sif Jóhannsdóttir (515 2654 / sonjasif@tm.is)

Methúsalem Hilmarsson (515 2602 / methusalem@tm.is)





FORMÁLI

Umráða um sjávarútveg hefur átt undir högg að sækja mörg undanfarin ár og hefur einkennst af öfgum, sérhagsmunum og pólitík. Lítil eða engin umfjöllun hefur verið um þær miklu framfarir sem orðið hafa innan greinarinnar né þeirra möguleika sem greinin hefur í framtíðinni.

Sjávarútvegsráðstefnan 2011 mun einkum fjalla um þau tækifæri sem greinin hefur til að auka tekjur sínar til framtíðar sem endurspeglast í yfirskrift ráðstefnunnar: Frá tækifærum til tekjusköpunar. Þannig mun ráðstefnan fjalla um tækifæri á gömlum og nýjum mörkuðum. Fjallað verður um sóknarfæri í veiðiþróun og ávinningi í markvissri vöruþróun. Þá verður fjallað um útrás íslensks sjávarútvegs sem á sér langa sögu sem hófst á því að sölusamlögin gömlu byggðu upp öflug markaðs- og vinnslufyrirtæki fyrir margt löngu síðar. Nú sjáum við spennandi útrásarverkefni á sviði útgerðar og auk þess sem hefðbundin þjónustufyrirtæki sjávarútvegsins á Íslandi hafa haslað sér völl erlendis.

Sjávarútvegsráðstefnan fjallar um umfjöllun fjölmiðla um sjávarútveg og það mikla pólitíska álitaefni sem er íslenskur sjávarútvegur og möguleg Evrópusambandsaðild. Þá verður einnig fjallað um áhugaverðar rannsóknir varðandi sjávarklasa á Íslandi.

Sjávarútvegsráðstefnan eru grasrótarsamtök sem hafa það að markmiði að búa til sameigilegan vettvang allra þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum til að efla framfarir og sókn í Íslenskum sjávarútvegi. Sá sameiginlegi vettvangur sem samtökin hafa mótað með sér eru Sjávarútvegsráðstefnan þar sem áhersla er lögð á faglega umfjöllun þeirra fjölmörgu málefna er snerta sjávarútveginn. Mikil þörf virðist hafa verið

fyrir vettvang af þessu tagi þar sem ráðstefnan 2010 tókst mjög vel og var vel sótt. Einnig er mikill áhugi vegna ráðstefnunnar á þessu ári sem bendir til þess að við séum á réttri leið. Ég vil þakka öllum þeim sem leggja ráðstefnunni liðsinni og sérstaklega fyrirlesurum og fundarstjórum en allir þessir aðilar leggja fram vinnu sína endurgjaldslaust.

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar er jafnframt ráðstefnustjórn. Stjórnin er skipuð Halldóri Ármannssyni, Halldóri Þórarinsyni, Hirti Gíslasyni, Kristjáni Hjaltasyni, Sjöfn Sigurgísladóttur og undirrituðum. Starfsmaður Sjávarútvegsráðstefnunnar er Valdimar Gunnarsson. Ég vil nota tækifærið og þakka þessu fólki fyrir gott samstarf við skipulagningu ráðstefnunnar í ár.

Samkvæmt samþykktum Sjávarútvegsráðstefnunnar er gert ráð fyrir að helmingur stjórnarmanna gangi úr stjórn á hverju ári og verður kosið samkvæmt því í fyrsta skipti núna á hluthafafundi Sjávarútvegsráðstefnunnar sem verður haldinn að lokinni ráðstefnunni sjálfri. Það er mikilvægt að sem flest fólk sem tengist sjávarútvegi gefi kost á sér til stjórnarstarfa fyrir Sjávarútvegsráðstefnina svo að hún fái að þróast og dafna á komandi árum.



Guðbrandur Sigurðsson

Formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf

Frá veiðum til neytanda
Lausnin
er hjá okkur

Marel býður gestum Sjávarútvegsráðstefnunnar í kokteillboð fimmtudaginn 13. október á milli kl: 17:30-19 í húsaáskynnum fyrirtækisins að Austurhrauni 9, Garðabæ.

Aðgangsmiði ráðstefnunnar gildir sem aðgöngumiði í boðið.

www.marel.is



Brimnes



Kleifaberg



Guðmundur í Nesi



Sólborg

Brim er öflugt
sjávarútvegsfyrirtæki
sem framleiðir fyrsta flokks
afurðir undir vörumerkinu

BRIM SEAFOOD,

þar sem gæði og áreiðanleiki
eru í fyrirrúmi. Brim hefur
á að skipa úrvals starfsfólki

og vel búnum skipum

sem tryggja að kröfur

viðskiptavina séu uppfylltar.

Brim hefur það

að leiðarljósi að

starfa í sátt við umhverfi

sitt og stuðla að sjálfbærri

nýtingu fiskistofna.



BRIM

SEAFOOD

Wild catch from the clean waters of Iceland

Brim hf.
Bræðraborgarstíg 16
101 Reykjavík
Sími: 580 4200
Fax: 580 4201
brimhf@brimhf.is
www.brimseafood.is

DAGSKRÁ

Fimmtudagurinn 13. Október

09:00 Afhending gagna

Íslenskur sjávarútvegur

Fundarstjóri: *Sjöfn Sigurgísladóttir*

10:00 Sjávarútvegsráðstefnan – Hugmyndafræði og skipulag, *Guðbrandur Sigurðsson*

10:20 Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2011 - Hráefnisöflun, vinnsla og sala, *Kristján Hjaltason*

10:40 Veðistjórnun á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar - árangur og tækifæri, *Jóhann Sigurjónsson*

11:00 Styrkleikar og veikleikar í útflutningi íslenskra sjávarafurða, *Sigurður Bogason*

11:20 Umræður

Matur 11:45-13:15

Málstofa A

Gullteigur

Málstofa: Markaðstækifæri í Evrópu

Málstofustjóri: *Erla Kristinsdóttir*

13:15 **Samkeppnisstaða Íslands í ferskum fiski**
Svavar Þór Guðmundsson

13:35 **Landfrystar afurðir: Hvernig geta þær keppt við sjófrystar eða tvífrystar afurðir?**
Svavar Svavarsson

13:55 **Saltfiskmarkaðir, staða og horfur**
Bjarni Benediktsson

14:15 **Kynning og sala sjávarafurða á vefnum – tækifæri eða tímasóun?**
Frosti Sigurjónsson

14:35 Umræður

Málstofa B

Hvammur

Málstofa: Sóknarfæri í veiðitækni

Málstofustjóri: *Halla Jónsdóttir*

13:15 **Tæknistig fiskveiða**
Einar Hreinsson

13:35 **Kjörhæfni, staða og sóknarfæri**
Ólafur Arnar Ingólfsson

13:55 **Umhverfisáhrif veiðarfæra (Staða og sóknarfæri)**
Haraldur Arnar Einarsson

14:15 **Þróun veiðafæra**
Jón Einar Marteinsson

14:25 **Meiri gæði, meira virði!**
Halldór Ármannsson

14:35 Umræður

Kaffi: 15:00-15:30

Málstofa: Markaðssvæði framtíðarinnar

Málstofustjóri: *Inga Jóna Friðgeirsdóttir*

15:30 **Nígíría og Vestur Afríka**
Árni Bjarnason

15:45 **The Seafood market in Belarus**
Natasha Shveikus

16:05 **Kína – Ógn á markaði eða ógnvekjandi markaður?**
Jónas Engilbertsson

16:25 **Suður Ameríka**
Þorgeir Pálsson

16:40 Umræður

Málstofa: Vöruþróun

Málstofustjóri: *Anna K. Daníelsdóttir*

15:30 **Ferskar afurðir – fersk vöruþróun**
Sveinn Margeirsson

15:50 **Vöruþróun í síld**
Guðmundur Stefánsson

16:10 **Vöruþróun á líftæknaifurðum**
Hörður Kristinsson

16:25 **Vöruþróun í saltfiski**
Erla Ósk Pétursdóttir

16:40 Umræður

17:30-19:00 Móttaka í boði Marels – Austurhraun 9, Garðabæ

Föstudagurinn 14. október

Málstofa A

Gullteigur

Málstofa: Sjávarútvegur og fjölmiðlar

Málstofustjóri: *Katrín Pálsdóttir*

- 08:30 **Sjávarútvegur og fjölmiðlar**
Birgir Guðmundsson
- 08:45 **Viðhorf fjölmiðla til sjávarútvegs**
Páll Benediktsson
- 09:00 **Hvað er frétt**
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
- 09:15 **Umræður**

Málstofa B

Hvammur

Málstofa: Tækifæri erlendis

Málstofustjóri: *Elín Björg Ragnarsdóttir*

- 08:30 **Hvernig varð vörumerkið Icelandic® í USA til?**
Magnús Gústafsson
- 08:45 **Útgerð í Austur-Evrópu: Reynslusaga um menningarmun**
Bjartmar Pétursson
- 09:00 **Samkeppnisstaða íslenskra sjávarafurða – Er Ísland enn með forskot?**
Helgi Anton Eiríksson
- 09:15 **Umræður**

Kaffi: 09:35-09:55

Málstofa: Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur

Málstofustjóri: *Guðný Káradóttir*

- 09:55 **Ísland og sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB**
Kolbeinn Árnason
- 10:10 **Hvað er jákvætt við inngöngu?**
Porsteinn Pálsson
- 10:25 **Aðild að ESB myndi skaða sjávarútvegshagsmunum Íslands**
Friðrik J. Arngrímsson
- 10:40 **Umræður**

Málstofa: Sjávarklasinn á Íslandi

Málstofustjóri: *Stefanía Katrín Karlsdóttir*

- 09:55 **Umfang og mikilvægi sjávarklasans á Íslandi. Hver er líkleg þróun til ársins 2025?**
Jóhann Jónasson
- 10:10 **Stefnumörkun og sviðsmyndir Sjávarklasans - markmið og framkvæmd**
Sævar Kristinsson
- 10:25 **Margföldunaráhrif sjávarklasans á Íslandi**
Pétur Einarsson
- 10:40 **Umræður**

Kaffi 11:00-11:30

Samantektir, pallborðsumræður og verðlaunaafhending

Fundarstjóri: *Guðbrandur Sigurðsson*

- 11:30 **Samantekt – Málstofa A**, *Berta Daníelsdóttir*
- 11:45 **Samantekt – Málstofa B**, *Sigríður Ólafsdóttir*
- 12:00 **Kynning á framúrstefnuhugmyndum og verðlaunaafhending**, *Hjálmar Sigurþórsson*
- 12:30 **Pallborð og almennar umræður**
- 13:00 **Ráðstefnuslit**, *Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra*

Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

13:15 Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2012 o.fl.



Íslenskur sjávarútvegur

Fundastjóri: Sjöfn Sigurgísladóttir, eigandi Íslenskrar Matorku ehf.



Guðbrandur Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Plastprents
ehf. og stjórnarformaður
Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

Sjávarútvegsráðstefnan – hugmyndafræði og skipulag

Sjávarútvegsráðstefnan eru grasrótarsamtök sem hafa það að markmiði að búa til sameiginleg vettvang allra þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum til að efla framfarir og sókn í Íslenskum sjávarútvegi. Sá sameiginlegi vettvangur sem samtökin hafa mótað með sér er Sjávarútvegsráðstefnan þar sem áhersla er lögð á faglega umfjöllun þeirra fjölmörgu málefna er snerta sjávarútveginn. Við viljum alls ekki að þessi vettvangur leysist upp í dægurþras um fiskveiðistjórnun eða önnur pólitísk álitafni heldur að sjónum fólks sé beint að því sem skiptir máli til að efla greinina og mögulega verðmætasköpun innan hennar. Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar er jafnframt ráðstefnustjórn og er skipuleg stjórnarinnar þannig að enginn stjórnarmann á að sitja lengur en í tvö ár og á hverju ári er gert ráð fyrir að skipt sé um helming stjórnarmanna. Með þessu móti er tryggt að Sjávarútvegsráðstefnan endurspegli sem flest sjónarmið og málefni er lúta að Íslenskum sjávarútvegi.



Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe

Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2011 - Hráefnisöflun, vinnsla og sala

Dregin verður upp mynd af íslenskum sjávarútvegi árið 2011 og þróun síðustu áratuga greind, allt fram á þetta ár. Skoðuð verða aðföng til vinnslu en þau koma úr afla innan og utan landhelginnar, úr fiskeldi og frá innfluttu hráefni en athyglisvert er að á síðasta ári komu um 30% af afla íslenskra skipa úr veiði utan landhelginnar. Fjallað verður um vinnslu afla eftir afurðaflokkum og helstu breytingar sýndar, en eftirtektarvert er að vinnslugreinar sem voru á undanhaldi eru að sækja í sig veðrið. Mikilvægustu markaðir verða greindir, þó markaðir innan Evrópusambandsins séu enn langmikilvægastir eru ný lönd að taka við vaxandi hluta. Sérstök áhersla verður lögð á það hvernig hægt er að auka framboð afla sem fer til vinnslu og hvaða valkostir eru í boði fyrir íslenskan sjávarútveg, m.a. með því að skoða hvaða hráefni hafa verið flutt inn á liðnum árum, hvernig framleiðendur hafa aukið tekjur og hvar tækifærin liggja í framtíðinni.





Jóhann Sigurjónsson
 Forstjóri
 Hafrannsóknastofnunarinnar

Veiðistjórnun á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar - árangur og tækifæri

Um langt árabíll hefur stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum byggt á vísindaráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, rannsóknastarfi og viðmiðum sem stefna að hámarks afrakstri auðlindarinnar. Góður árangur hefur náðst við stjórn fiskveiðanna hér við land, en ekki er vafi á að með markvissari stjórnun má ná meiri afrakstri úr fiskistofnunum. Skilgreining langtíma viðmiða varðandi nýtingu einstakra fiskistofna og setning aflareglu fyrir veiðar úr fiskistofnum þar sem því verður við komið er vænleg leið til árangurs. Vel ígrunduð nýtingarstefna og ábyrg framkvæmd hennar uppfyllir einnig alþjóðleg viðmið og skuldbindingar og fellur vel að kröfum markaðarins. Í erindinu verður fjallað um árangurinn til þessa og um viðfangsefnin framundan hvað varðar langtíma stefnumótun og aflareglur fyrir fiskveiðar á Íslandsmiðum.

- Tryggja þarf betur framgang hugmyndafræði og aðferðir langtíma nýtingarstefnu
- Grundvallaratriði er að stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur kynni sér og taki afstöðu til mismunandi leiða
- Huga þarf að því hvort ástæða sé til að festa í lög hlutverk stjórnvalda við mótun langtíma nýtingarstefnu fyrir lifandi auðlindir hafsins
- Þróa þarf aflareglur fyrir sem flesta nytjastofna eftir því sem gögn og aðstæður leyfa
- Byggja á aflareglur fyrir ufsa og ýsu á fyrirbyggjandi tillögum



Sigurður Bogason
 Framkvæmdastjóri
 MarkMar ehf
 Forstöðumaður
 Rannsóknarhóps um
 hagnýta vöruferla (ASCS)
 við Háskóla Íslands

Styrkleikar og veikleikar í útflutningi íslenskra sjávarafurða

Fjallað verður um mikilvægi þekkingar og sífelldrar endurnýjunar og nýtingar tækifæra á markaði með hreinskiptum hætti. Mikilvægi gagnsæi ferla í allri virðiskeðjunni frá hugmynd, auðlind, nýtingu, framleiðslu, markaðsfærslu og sölu, flutnings afurða á markaði og dreifileiðir allt til neytenda vörunnar. Horft verður til virðiskeðjunnar sem heildræns ferlis og mikilvægi allra þátta hennar og aðfanga til virðismyndunar. Dæmi um styrkleika og veikleika í virðiskeðjum íslenskra sjávarafurða verða tekin fyrir og þau notuð til að vekja umhugsun og umræður á þessari sjávarútvegráðstefnu. Í þessu samhengi er þarft að vitna í gömul sem ný sannindi úr Hávamálum **“Deyr fé, deyja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi hveim er getur sér góðan”**

Góður orðstír íslensks sjávarútvegs er mikils virði og skiptir það alla greinina að halda honum við – annars gæti hann dáið eins og annar fénaður. Hvar stöndum við þá og þeir sem á eftir okkur koma?

Auknar kröfum um gott siðferði í umgengni við auðlindir og í viðskiptum og aukið gagnsæi í öllum ferlum frá uppruna vöru til endanlegs neytanda er drifkraftur er skoða ætti sem tækifæri, en alls ekki sem ógn. Viðurkenning á veikleikum og aðgerðir til að umbreyta þeim þannig að styrkleikarnir verði ríkari framfarabáttur, sem gæti skipt alla sköpum á næstu árum.



Markaðstækifæri í Evrópu

Málstofustjóri: Erla Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri, Sjávariðjan Rifi hf.



Svavar Þór Guðmundsson
Framkvæmdastjóri
Sæmark Sjávarafurðir ehf.

Samkeppnisstaða Íslands í ferskum fiski

Almennt talað þá hefur verið haldið fram að ferskur fiskur frá Íslandi hafi ákveðna sérstöðu á markaði. Hver er sú sérstaða, er hún ennþá til staðar?

- Hversu mikilvægir eru ferskfisk markaðir okkar Íslendinga?
- Er íslenskur fiskur ennþá í forystu inn á helsta markaði okkar?
- Erum við að tapa stríðinu við ferskan norskan fisk?
- Hvað er það sem gerir íslenskan fisk svona merkilegan?
- Hvaða þættir eru það sem skipta kaupendum á ferskum fiski máli?



Svavar Svavarsson
Markaðsstjóri
HB Grandi hf.

Landfrystar afurðir: Hvernig geta þær keppt við sjófrystar og tvífrystar afurðir?

Á síðustu þrem áratugum hefur orðið veruleg aukning í útflutningi á ferskum og sjófrystum botnfiski á kostnað þess landfrysta. Hlutdeild landfrystingar í útflutningsverðmæti botnfisks hefur meðal annars að þessum sökum minnkað. Vestur Evrópa er þó ennþá lang stærsti markaðurinn fyrir landfrystan botnfisk frá Íslandi og er útlit fyrir að svo verði áfram. Nánar verður gerð grein fyrir:

- Minnkandi vægi landfrystingar undanfarna áratugi með tilkomu aukinnar ferskfiskvinnslu og sjófrystingar.
- Helstu markaðslöndum og markaðsgeirum fyrir landfrystar botnfiskafurðir í Evrópu.
- Samkeppni landfrystingar um hráefni við aðrar vinnsluleiðir.



Bjarni Benediktsson
Framkvæmdastjóri
Iceland Seafood ehf.

Staða og horfur á saltfisks mörkuðum

Saltfisksverkun hefur lengi verið mikilvægur stólpi í Íslenskri fiskframleiðslu og er enn í dag mikilvægur þáttur fyrir þjóðarbúið.

Er Íslenskur saltfiskur leiðandi á saltfisksmörkuðunum?

Mun saltfisksverkun og útflutningur saltfisks halda sínu striki í framtíðinni?

Farið verður yfir hlutdeild söltunar af heimsframboði af veiddum bolfiski.

Greiningu markaða, dreifileiðir, neyslumynstur, framtíð söltunar og horfur.



Frosti Sigurjónsson
Stjórnarformaður Dohop.
com og Datamarket.com.

Kynning og sala sjávarafurða á vefnum - tækifæri eða tímasóun?

Í erindinu verður reynt að svara eftirfarandi spurningum:

- Hentar vefurinn til að kynna sjávarafurðir?
- Hvernig er reynslan hérlandis af vefverkefnum í sjávarútvegi?
- Hvernig nýta erlendir keppinautar vefinn?
- Vefurinn er að taka yfir farsímana, er það tækifæri?
- Hvar liggja tækifærin á vefnum?

Sóknafæri í veiðitækni



Málstofustjóri: Halla Jónsdóttir, verkefnastjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands



Einar Hreinsson
Sérfræðingur í veiðitækni
Hafrannsóknastofnunarinnar

Tæknistig fiskveiða

Almennt er talið að fiskveiðar séu á háu tæknistigi. Á yfirborðinu er það svo, en þegar við skoðum það sem fram fer neðansjávar í veiðiferlum er staðan nokkuð önnur. Í erindinu er leitast við að skýra hvað við vitum um okkar helstu veiðiaðferðir, takmörkum þeirra lýst og færð rök fyrir nauðsyn þess að bæta þær. Settar verða fram hugmyndir um hvernig megi takast á við slíkt viðfangsefni.



Ólafur Arnar Ingólfsson
Sérfræðingur í
veiðafærarannsóknunum
Hafrannsóknastofnunarinnar

Kjörhæfni, staða og sóknarfæri

Hugtakið kjörhæfni er íslenskun á enska orðinu selection og snýr að tegunda- og stærðarvali í veiðarfærum, þ.e. möguleika á að aðskilja tegundir og/eða fiskstærðir í veiðiferlinu. Farið verður yfir kosti og galla við beitingu kjörhæfni við fiskveiðar. Lýst verður ýmsum möguleikum við kjörhæfni og þeim búnaði sem verið hefur í notkun hérlandis.

Þá verða niðurstöðum kjörhæfnirannsókna gerð skil sem og sýn fyrirlesara á áframhaldandi þróun.



Haraldur Einarsson
Fiskifræðingur
Hafrannsóknastofnunarinnar

Umhverfisáhrif veiðarfæra (Staða og sóknarfæri)

Undanfarið hefur áhersla aukist á að veiðar séu stundaðar á sem vistvænsta hátt. Þetta á bæði við um umgengni um þá veiðistofna sem veitt er úr sem og umhverfið sem þeir lifa í. Í því samhengi hafa umhverfisáhrif einstakra veiðarfæra oft verið í umræðunni. Umræðan einkennist mjög gjarnan af hagsmunum hópa sem eru annarsvegar útvegsmenn sem beita ákveðnum veiðarfærum og hinsvegar neytendur. Mjög oft eru fullyrðingum haldið á lofti um ákveðin veiðarfæri sem eru annaðhvort rangar eða ekki minnst á önnur atriði sem eru annaðhvort jákvæð eða neikvæð fyrir viðkomandi veiðiaðferð. Í þessum fyrirlestri verður reynt að varpa ljósi á þekkingarstig umhverfisáhrifa helstu veiðarfæra og helstu sóknarfærin til úrbóta.



Jón Einar Marteinnsson
Framkvæmdarstjóri
Fjarðanet hf.

Þróun veiðarfæra

Veiðarfæraíðnaður á Íslandi hefur breyst mikið á undanfönum árum. Áður voru lítil netaverkstæði á mörgum stöðum í kringum landið. Í dag eru veiðarfæraframleiðendur færri og stærri fyrirtæki, sem veitt geta betri þjónustu og geta lagt meiri áherslu á þróun á nýjum og betri veiðarfærum. Þróun er mikilvæg til að auka veiðihæfni og hagkvæmni og til að geta nýtt ný tækifæri í veiðum. Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi aðilar vinni saman við þróun á veiðarfærum; veiðarfæraframleiðendur, sjómenn, útgerðarmenn og rannsóknarstofnanir. Mikilvægt er að nýta þekkingu og reynslu allra þessara aðila og mikilvægt er að nýta allan þann tæknibúnað sem fyrir hendi er, eins og rannsóknarskip og neðansjávarmyndavélar. Farið verður í erindinu yfir ferlið við þróun á veiðarfærum og farið yfir velheppnað þróunarferli á veiðarfæri.

Niðurstaðan er:

- Íslensk veiðarfæraagerð er mikilvæg fyrir íslenskan sjávarútveg og
- íslenskur sjávarútvegur er mikilvægur fyrir íslenska veiðarfæraagerð.



Halldór Ármannsson
Framkvæmdastjóri
Pensla ehf.

Meiri gæði, meira virði !

Gæði vöru, hvaða nafni sem hún nefnist, kemur í flestum tilfellum, ef ekki öllum, til með að hafa áhrif á eftirspurn og þar með verðið sem er greitt fyrir viðkomandi vöru. Hrávara af sömu tegund á opnum markaði getur gefið kaupanda sínum um 95 – 100% nýtingu, miðað við þá staðla sem hann setur upp, meðan að annar nær um 85 – 90% vegna lélegra hráefnis. Þess vegna er svo mikilvægt að hámarka gæði vörunnar í hvert einasta skipti sem hún er meðhöndluð, allt framleiðsluferlið.

Það eru margir aðilar sem að geta skemmt gott hráefni í framleiðsluferlinu, en það er engin sem getur búið til góða vöru úr lélegu hráefni. Allt hnjask, öll pressa, goggun eða stunga í hold við fiskveiðar, veldur skemmdum, og eins tíminn sem líður frá því að fiskurinn er innbyrtur, hann blóðgaður, látið blæða í sjó, og kældur í ís, kemur einnig til með að segja til um hvernig hráefni fiskurinn verður, þegar hann kemur að landi. Öll þessi atriði sem er svo auðvelt að gleyma, horfa fram hjá eða hunsa, leiðir hugann að því hvað hægt er að gera til þess að bæta hráefnismeðferð við veiðar á fiski. Veiðitækni og meðferð hráefnis er það sem skiptir orðið mestu til að fá hágæða hráefni.



Markaðssvæði framtíðarinnar

Málstofustjóri: Inga Jóna Friðgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, Brim hf.



Árni Þór Bjarnason
Sölustjóri
Íslenska Umboðssalan hf.

Nígería og Vestur Afríka

Fjallað verður um sögu verslunar við Nígeríu og Vestur Afríku og þróun hennar, en Íslendingar hafa haft bein viðskipti við þetta markaðssvæði frá því um miðja síðustu öld. Breytingar hafa orðið á greiðsluáferðum og viðskipti eru tryggari heldur en á tímum banna og hafta. Rætt verður um breytingar á tollamálum á þessu svæði og hvað betur mætti fara. Auk þess um aukningu í verslun með frosinn fisk í Vestur Afríku og væntanlegar breytingar þar í þeim efnum m.a. með stórauðum fiskeldi. Hvaða möguleikar eru á aukinni sölu og hvernig eru markaðshorfur. Hvaða áhrif hefur virkara gengi haft á kaupmátt almennings í þessum heimshluta. Spurt er hvort meiri íhlutun íslenskra stjórnvalda myndi breyta einhverju með verslun á þessu svæði, en stjórnvöld þar gera oft ýmislegt til að torvelda viðskipti. Einnig hvaða áhrif möguleg aukning í framleiðslu á hertum afurðum með tilkomu nýrrar reglugerðar Sjávarútvegsráðherra um nýtingu aukaafurða frá vinnsluskipum getur haft og hvaða áhrif breytt stefna Norðmann hefur í þessum málum.

The Seafood market in Belarus

The presentation of the common picture of Belarusian fish and seafood market through its two leading companies JV Santa Impex Brest and JV Santa Bremor.

The position of the companies on the market is reflected with the figures and facts of selling during several years. Influence of social and economic facts on the market development.

Possible ways of market development in the nearest time. Icelandic fish and seafood on Belarusian market nowadays and in future.



Natasha Shveikus
Manager of fish
and seafood import
department
JV Santa Bremor Ltd.



Jónas Engilbertsson
Framkvæmdastjóri
Icelandic Japan KK.

Kína - Ógn á markaði eða ógnvekjandi markaður?

Í erindinu verður farið yfir markaðina tvo í Kína, þ.e. endurvinnslumarkað til útflutnings og svo hinn innlenda neyslumarkað. Kínverjar flytja árlega inn um 1,3 milljón tonna til endurvinnslu og útflutnings, en í þessu erindi vil ég reyna að fara örstutt yfir þróun og framtíð endurvinnslu í Kína. Innanlandsmarkaður í Kína, en ég mun benda á nokkra þá helstu þætti sem valda þeim gífurlega áhuga sem fyrirtæki heimsins í nær öllum geirum hafa á kínverska markaðnum. Kínverjar veiða, rækta og neyta þjóða mest af sjávarfangi. Dregnar verða fram helstu hagstærðir er snúa að markaði fyrir sjávarfang og reynt að skilgreina hvar og hvernig hugsanlegur markaður fyrir íslenskar afurðir er.



Þorgeir Pálsson
Rekstrarráðgjafi
Netspor ehf.

Suður Ameríka

Ég mun skoða Suður Ameríku út frá þeirri spurningu, hvort þar séu tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í tengslum við sjávarútveg og fiskeldi. Gera stuttlega grein fyrir helstu stærðum hvað framleiðslu og veiðar varðar, sem og markaði og eðli þeirra, og skoða helst hugsanleg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Fjallað verður um helstu lönd og reynt að draga upp heildarmynd af þessum heimshluta. Rík áhersla verður lögð á að greina hugsanlegar inngönguleiðir fyrir íslensk fyrirtæki, hvort heldur er í samstarfi eða ein sér.





Vöruþróun

Málstofustjóri: Anna Kristín Daniélsdóttir, sviðstjóri, Matís ohf.



Sveinn Margeirsson
Forstjóri
Matís ohf.

Ferskar afurðir – fersk vöruþróun

Einkunnarorð Matís eru „Okkar rannsóknir- allra hagur“ og lýsa þau vel megin inntakinu í starfsemi fyrirtækisins. Lögð hefur verið mikil áhersla á rannsóknir í þágu matvælaíðnaðarins á Íslandi til að byggja upp þekkingu sem nýst getur fyrirtækjum í vöruþróun og nýsköpun. Matís hefur alla tíð unnið mikið með fyrirtækjum og einstaklingum um allt land til að byggja upp örugga og öfluga vinnslu sem getur skilað verðmætum til framleiðslufyrirtækja og heilnæmum gæðavörum á borð neytenda.

Í erindi þessu verður gerð grein fyrir nokkrum afurðum sem eru skilgreind afkvæmi áralangrar rannsóknarvinnu og þekkingaröflunar innan Matís. Má þar nefna nýjan frauðplastkassa fyrir kældar afurðir, heitreyktan makríl, niðursoðinn makríl, fiskisósu, skyr með þara, verkfæri til að greina örverur með fljótverkum hætti, öflugt upplýsingaefni fyrir íslenskan sjávarútveg og ýmislegt fleira.

Mörg spennandi verkefni eru í vinnslu sem örugglega eiga eftir að skila nýjum afurðum fyrir framtíðina og framundan eru krefjandi verkefni þar sem vinna þarf að bættri nýtingu auðlinda og minni sóun. Það hefur sýnt sig að hin mikla áhersla á „ferskar“ afurðir eykur álagið á umhverfið svo um munar og má þar helst nefna flugflutninga og stuttan líftíma vöru. Leggja þarf áherslu á að efla vinnslutækni og geymsluþol afurða, svo tryggja megi hágæða vörur á borð neytenda um allan heim.



Guðmundur Stefánsson
Framkvæmdastjóri
vöruþróunar og
nýsköpunar
Fram Foods

Vöruþróun í síld

Fjallað verður um vöruþróun neytendaafurða úr saltaðri síld hjá Fram Foods. Einnig verður fjallað um nokkrar áherslur (trends) á markaði fyrir þessar afurðir. Fram Foods er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á kældum sjávarafurðum með verksmiðjur á Íslandi, í Svíþjóð, Finnlandi og Frakklandi og með söluskrifstofu í Þýskalandi. Helstu framleiðsluvörur eru síldarafurðir, ýmis konar hrognaafurðir s.s. þorskrognaúpukavíar, tarama, grásleppuhrogna-kavíar, masago (loðnuhrogn), laxahrogna- og silungahrogna-kavíar, reyktur lax og lútfiskur. Árlega framleiðir fyrirtækið neytendaafurðir úr um 5.000 tonnum af söltuðum síldarbitum og flökum bæði undir sínum eigin vörumerkjum og merkjum stórmarkaða einkum á Norðurlöndum.



Hörður G. Kristinsson
Rannsóknastjóri
Matís ohf.

Vöruþróun á líftækni afurðum

Hafið kringum Íslandi geymir tækifæri langt umfram hefðbundna vinnslu sjávarafurða og getur líftækni spilað mikilvægt hlutverk í nýtingu sjávarafurða. Lífverur hafsins geyma aragrúa af lífefnum og lífvirkum efnem sem mörg hver hafa einstaka eiginleika sem geta nýst á fjöldann allan hátt. Við höfum bara rétt kroppað í yfirborðið hvað þekkingu okkar varðar á möguleikum sem liggja í íslensku lífríki. Til viðbótar við sérstakt lífríki þá fellur talsvert af aukahráefni við vinnslu sjávarafurða sem hægt er að breyta í umtalsverð verðmæti. Mörg rannsókn- og vöruþróunarverkefni með mikla nýtingarmöguleika hafa verið í gangi hjá Matís undanfarin misseri. Hér má nefna verkefni þar sem prótein eru einangruð úr aukahráefni til að búa til verðmæt lífefni. Einnig er verið að skoða framleiðslu á lífvirkum brjóskefnum úr sæbjúgum og hákarlabrjóski. Mikil vakning er á nýtingu á þangi og þara, sem rannsóknir Matís sýna að megi geyma margþætta virkni gegn ýmsum kvillum og sjúkdómum. Einnig er unnið hörðum höndum að finna arðbærar nýtingarleiðir fyrir slóg með hjálp ensíma. Þrátt fyrir að vera lítil þá höfum við náð talsverðum árangri í líftækni. Ef rétt er haldið á spilunum og stuðningur við greinina er nægur þá eigum við bjarta framtíð á þessu sviði. Mjög mikil aukning er á eftirspurn lífvirkra efna úr hafinu, og er enginn vafi að Ísland getur spilað stórt hlutverk þar sem uppspretta og framleiðsluland þeirra.



Erla Ósk Pétursdóttir
Verkefnastjóri
Vísir hf.

Vöruþróun í saltfiski

Saltfisksiðnaðurinn hefur tekur algjörum stakkaskiptum á síðustu áratugum. Verkunaraðferðin hefur þróast frá því að salta í stæður í að hraðsalta og stærðar- og gæðameta í 25 kg kassa sem þýðir að vinnslunýting og verkunarnýting hefur gjörbreyst. Aðrir þættir saltfiskvinnslunnar hafa einnig breyst: sjósókninni er stýrt með tilliti til neyslutíma og framleiðendur standa mun nær endanlegum kaupendum en áður. Það eina sem haldist hefur nokkuð óbreytt eru markaðssvæðin. Á þessum tíma hefur útflutningur á saltfiski minnkað vegna minni heildarveiði og samkeppni frá öðrum vinnslugreinum. Það sem nú er unnið í salt fer inn á dýrustu markaðina í Suður-Evrópu og verðmæti á þyngdareiningu því aukist. Í þessu erindi verður tekið fyrir:

- Þróunin í verkunarferli saltfisks og staðan í dag
- Viðbrögð við breyttum kröfum kaupenda
- Ný tækifæri og helstu ógnanir í saltfisksiðnaðnum





Birgir Guðmundsson
 Dósent, deildarformaður
 félagsvísindadeildar
 Háskólinn á Akureyri



Páll Benediktsson
 Framkvæmdastjóri
 PB Ráðgjöf



Sigurgeir Brynjar
 Kristgeirsson
 Framkvæmdastjóri
 Vinnslustöðin hf.

Sjávarútvegur og fjölmiðlar

Málstofustjóri: Katrín Pálsdóttir, háskólakennari og blaðamaður

Sjávarútvegur og fjölmiðlar

Í erindinu er fjallað almennt um hvernig sjávarútvegur birtist í fjölmiðlum og farið yfir nokkur einkennandi atriði í samskiptum sjávarútvegs og fjölmiðla. Vísað er til séríslenskrar hefðar og sögulegs mikilvægis sjávarútvegs í íslensku mannlífi og þar með í íslenskum fjölmiðlum. Bent er á að nýjar þjóðfélagsaðstæður breyti einnig áherslum í fjölmiðlum og grein gerð fyrir því hvernig fréttir af og um sjávarútveg missa tenginguna við daglegt líf fjöldans. Þær breytast í viðskiptafréttir, þar sem fjallað er um aflaverðmæti og kvótasölur sem sjálfstætt fréttæfni en ekki sem hluta af daglegu lífi fólksins. Komið verður inn á fjárhagslega tengingu sjávarútvegs og fjölmiðla, bæði í tengslum við eignarhald en þó sérstaklega varðandi auglýsingar, þar sem varan sem flest sjávarútvegsfyrirtæki framleiða fer á erlendan markað og þarfnast ekki auglýsingar í íslenskum blöðum. Dregnar eru saman breytingar umliðinna ára og mat lagt á hver staða sjávarútvegsins í dag er gagnvart íslenskum fjölmiðlum og hver staða íslenskra fjölmiðla er gagnvart sjávarútveginum.

Víðhorf fjölmiðla til sjávarútvegs

Fjallað verður almennt um víðhorf fjölmiðla til sjávarútvegs og hvernig það hefur breyst á síðustu áratugum samfara breytingum innan sjávarútvegsins á þessum tíma. Leitast verður við að varpa ljósi á hvort víðhorfið er jákvætt eða neikvætt og hvernig þróunin í þeim efnum hefur verið og um leið er kannað hvort umfang fréttar og umfjöllunar um greinina hefur breyst. Jafnframt er rýnt í hvaða ástæður kunni að liggja að baki breyttum víðhorfum og með hvaða hætti fjallað er um sjávarútveg í helstu fjölmiðlum landsins.

Hvað er frétt

Í erindinu ætla ég að fara yfir reynslu af samskiptum við fjölmiðla og rökstyðja að:

- fréttamat þeirra er oftast ekki háð skoðunum þeirra fremur en hlutlægu mati
- val og framsetning fréttar er háð öðru en að segja fréttir
- „hafa skal það sem sannara reynist“ er ekki alltaf efst í huga fjölmiðlafólks.



Tækifæri erlendis

Málstofustjóri: Elín Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda



Magnús Gústafsson
Forstjóri
Atlantika, Inc.

Hvernig var vörumerkið Icelandic® í USA til ?

Styrkur vörumerkisins Icelandic® varð mér vel ljós í kringum 1980, þegar Hampiðjan var farin að selja afurðir sínar til kanadískra sjávarútvegsfyrirtækja. Icelandic® flök seldust á betri verðum og nutu meiri hollustu viðskiptavinanna en flök kanadíska keppinautana. Ef spurt var um ástæðu þess var svar Kanadamanna einfalt, betri gæði. Þegar ég tók við rekstri Coldwater 1984, komst ég að því að vissulega voru gæðin betri og stöðugri. En margt annað þarf svo að vörumerki verði til sem stendur undir nafni, skilar betri verðum og tryggir viðskiptavinum. Frá því að Jón Gunnarsson, fyrsti forstjóri Coldwater, fór að selja flök til Ameríku 1945 undir vörumerkinu Icelandic®, hefur verið lögð áhersla á að vörur undir því merki eru í augum kaupandanna öðruvísi og betri en hliðstæðar vörur sem eru á boðstólum. Það þarf skipuleg vinnubrögð, ásetning og úthald til að skapa slíka ímynd.

Í tilraun minni til að skilja hvernig vörumerkið Icelandic® varð til, verður fjallað um:

1. Fyrstu ár Coldwater Seafood
2. Hvað er vörumerki?
3. Sala á verksmiðjuframleiddum vörum.
4. Breyting á nafni Coldwater í Icelandic USA
5. Vörumerki sem urðu til og önnur sem ekki virkuðu
6. Selja ímynd eða hráefni



Bjartmar Pétursson
Framkvæmdastjóri
Fishproducts Iceland ehf.

Útgerð í Austur-Evrópu: Reynslusaga um menningarmun

Árið 1992 keypti Útgerðarfélag Akureyringa h/f 60% hlut í Mecklenburger Hochseafisherei GmbH (MHF) í Rostock í Þýskalandi og fékk um leið kvóta sem fylgdi fyrirtækinu í Norðursjó og við Noreg, ásamt réttindum til veiða á Reykjaneshrygg. Farið er stuttlega yfir sögu MHF fram til ársins 1999 og hvernig erfiðleikar sem stöfuðu af mismunandi menningarbakgrunni (e. cultural background) milli starfsmanna og stjórnenda torveldaði framgang verkefnisins. Réttur skilningur milli manna er grundvöllur þess að ná árangri á svæðum þar sem menningarmismunur er eins mikill og hann var á milli Austur-Evrópu og Íslands á þessum tíma. Jafnvelvar mikill menningarmunur á milli einstakra svæða innan landa Austur Evrópu. Farið er yfir nokkur af verkefnum Scandsea International AB sem var að hluta til í eigu Íslendinga frá 1999 til 2004, en félagið átti útgerðarfyrirtæki í Eistlandi og Litháen sem voru endurskipulögð og náðist á nokkrum árum að fjórfalda veitt magn af karfa á Reykjaneshrygg með óbreyttum skipastól. Að lokum er farið yfir nokkur verkefni Fishproducts Iceland í Rússlandi.



Helgi Anton Eiríksson
Forstjóri
Iceland Seafood
International

Samkeppnisstaða íslenskra sjávarafurða – Er Ísland enn með forskot?

Íslenskur sjávarútvegur hefur lengi verið leiðandi afl í sjávarútvegsgeiranum á heimsvísu. Er Ísland enn leiðandi afl eða erum við að dragast aftur úr? Hvernig eru íslenskar sjávarafurðir markaðsettar erlendis? Hvernig er markaðsstarf íslenskra fyrirtækja samanborið við það hvað helstu samkeppnislönd Íslands, Noregur, Rússland, USA, Austur Evrópa og Kína eru að fást við í sínu markaðsstarfi. Hver eru okkar mikilvægustu markaðslönd og hverjar eru helstu breytingar í eftirspurn á íslenskum sjávarafurðum? Hlustum við á og skiljum við viðskiptavininn? Tökum við mark á honum? Hversu sterk er samningsstaða íslenskra fyrirtækja og í hverju liggur styrkur okkar? Standa Íslendingar saman í sínu markaðsstarfi? Leitast verður við að svara ofangreindum spurningum ásamt því að horfa á líklega framtíðarþróun helstu markaða og samkeppnisstöðu Íslands.

Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur

Málstofustjóri: Guðný Káradóttir, markaðsstjóri, Íslandsstofa



Kolbeinn Árnason
Formaður samningahóps
um sjávarútvegsmál í
samningaviðræðum
um aðild Íslands að
Evrópusambandinu



Þorsteinn Pálsson
Lögfræðingur



Friðrik Jón Arngrímsson
Framkvæmdastjóri
Landssamband íslenskra
útvegsmanna

Ísland og sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB

Engum blöðum er um að fletta að sjávarútvegsmál bera hátt í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið (ESB), sökum mikilvægis málaflokksins fyrir íslenskt efnahagslíf. Ýmislegt er sammerkt með grundvallarmarkmiðum með stjórn fiskveiða í ESB og á Íslandi. Á hinn bóginn þykir fiskveiðistjórnun á Íslandi hafa tekist betur en innan ESB.

Í erindinu verður íslenskur sjávarútvegur í grófum dráttum borinn saman við sjávarútveg innan ESB. Fjallað verður um:

- helstu markmið hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB og þau borin saman við megin markmið íslenskrar fiskveiðilöggjafar;
- helstu tillögur framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á sjávarútvegsstefnu ESB;
- sérstöðu Íslands í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu, t.d. með tilliti til mikilvægis greinarinnar fyrir þjóðarbúskapinn;
- Meginmarkmið í samningaviðræðum við ESB varðandi sjávarútveginn.

Hvað er jákvætt við inngöngu?

Við mat á kostum þess og göllum að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu verður litið á sjávarútveginn sem einn af uppistöðuþráðunum í stærri vef sem myndar íslensku þjóðarbúskap. Gengið verður út frá því að atvinnugreinin sé ekki eyland í íslensku samfélagi og eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta með öðrum. Reynt verður að meta hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að breikka þær undirstöður sem vaxandi útflutningsstarfssemi landsins getur risið á. Frá því sjónarhorni verður fjallað um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og lagt mat á pólitíska og viðskiptalega hagsmuni Íslands af alþjóðlegri samvinnu í fortíð og framtíð. Horft verður til þess hvaða kostir eru fyrir hendi í þeim eignum út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar og þjóðarbúsins í bráð og lengd.

Aðild að ESB myndi skaða sjávarútvegshagsmunum Íslands

Í erindinu verður farið yfir helstu ástæður þess hvers vegna aðild Íslands að ESB kemur ekki til greina að mati höfundar. Sjávarútvegurinn er ein aðal atvinnugrein Íslendinga. Íslendingum er nauðsynlegt að reka arðbæran sjávarútveg sem skilar íslensku samfélagi sem mestum tekjum. Ef Ísland gerðist aðili að ESB myndu Íslendingar þurfa að undirgangast sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB og missa yfirráðin yfir einni mikilvægustu auðlind. Frá þessu fást ekki varanlegar undanþágur. Mikilvægasti þátturinn er valdið til lagasetningar á sviði sjávarútvegs sem myndi flytjast til ESB. Með aðild að ESB myndi Ísland missa réttinn til að semja um stjórn veiða úr deilistofnum og hlutdeild Íslands yrði ákveðin innan ESB. Takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi myndu falla úr gildi og Ísland ætti ekki lengur rödd hjá alþjóðastofnunum þar sem fjallað er um mikilvæg málefni sjávarútvegsins.



Sjávarklasinn á Íslandi

Málfustjóri: Stefania Katrín Karlsdóttir, eigandi Íslenskrar Matorku ehf.



Jóhann Jónasson
Framkvæmdastjóri
3x Technology

Umfang og mikilvægi sjávarklasans á Íslandi. Hver er líkleg þróun til ársins 2025?

Í þessu erindi verður ljósinu varpað á umfang sjávarklasans og hversu víða hann tengist Íslensku atvinnulífi. Eins verður skoðuð hver líkleg þróun fyrirtækja innan klasans kunnir að verða og hvaða skilyrði gætu stuðlað að öflugum framtíðarvexti fyrirtækja innan hans.



Sævar Kristinnsson
Framkvæmdastjóri
Netspor ehf.

Stefnumörkun og sviðsmyndir Sjávarklasans – markmið og framkvæmd

Í erindinu verður m.a. fjallað um eftirfarandi þætti:

Klasar – gagnsemi og nýting klasahugsunar fyrir sjávarútveginn sem tæki til að efla samstarf og bæta rekstur.

Sviðsmyndir (e. Scenarios) og hvernig þær draga fram skilning á þeim drifkröftum sem skipta greinina mestu máli í framtíðinni og hvernig þau fyrirtæki sem koma að sviðmyndagerð geta nýtt sér þær í eigin rekstri, ekki síður en greinin í heild sinni.

Stefnumörkun - lýst verður hvernig stefnumótun í kjölfar sviðsmyndavinnu getur dregið fram sýn á nýja möguleika sem og ógnanir sem hafa þarf í huga við mótun stefnu og markmiða fyrir Sjávarklasann.

Tekin verða bæði innlend og erlend dæmi um framkvæmd og árangur.



Pétur Einarsson
Forstjóri
Straumur

Margföldunaráhrif sjávarklasans á Íslandi

Mikilvægi klasans: Tilgangur sjávarklasans er að skapa tengsl og stuðla að því að allir aðilar viti hver af öðrum. Bara sú vitund getur leitt til framþróunar og dregið úr líkum þess að aðilar innan klasans séu ekki innilokaðir í boxum. Þetta er líka hagsmunamál – fá athygli hjá opinberum aðilum og almenningi og reyna þannig að fá sanngjarna umfjöllun og draga að fólk og fjármagn. Ekki síður getur klasinn eflt alþjóðatengingar og eflt markaðsstarf erlendis.

Næstu skref: Nú er að fara af stað viðtæk stefnumótun klasans sem er mikilvæg. Sú stefnumótun þarf að ná til víðtæks hóps og vera með bæði markmið til lengri og skemmri tíma. Það þurfa allir að vera meðvitaðir um tilurð og ávinning af klasanum. Þar skipta dæmin máli: Koma þarf með dæmi um árangur einstakra fyrirtækja og fyrirtækjahópa.

Framtíðarsýn: Ísland getur orðið leiðandi í sjávarvæðum greinum, í útgerð, rekstri og framleiðslu (búnaði og tækni). Við þurfum umhverfi sem hvetur til þess. Við eigum mörg mjög öflug og vaxandi fyrirtæki. Fiskeldi getur þróast hér á landi en það er samt háð mikilli þróun í þorskeldi. Íslensk fjármálafyrirtæki eiga að þjónusta sjávarútveg og fiskeldi í heiminum. Aðalatriðið með klasann er að skapa vitund og láta aðila innan greinarinnar hittast og setja sér markmið og vinna eftir þeim.



Samantektir, pallborðsumræður og verð- launaafhending

**Fundastjóri: Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri,
Plastprent hf.**



Berta Daníelsdóttir
Viðskiptastjóri SSU Ísland
Marel Iceland ehf.

Samantekt – Málstofa A

Kynntar samantektir úr erindum sem flutt voru í eftirfarandi málstofum:

- Markaðstækifæri í Evrópu
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur



Sigríður Ólafsdóttir
Sérfræðingur
Háskóli Íslands

Samantekt – Málstofa B

Kynntar samantektir úr erindum sem flutt voru í eftirfarandi málstofum:

- Sóknafæri í veiðitækni
- Vöruþróun
- Tækifæri erlendis
- Sjávarklasinn á Íslandi





Hjálmar Sigurþórsson
Framkvæmdastjóri
Tryggingamiðstöðin

Kynning á framúrstefnuhugmyndum og verðlaunaafhending

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Þær hugmyndir sem valdar voru allar á sviði tækni framfara við frumframleiðslu. Veitt verða verðlaun sem gefið hefur verið nafnið Svif og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörllum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætla að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra greina.

Fjórar bestu hugmyndirnar sem valdar voru til kynningar eru eftirfarandi:

- Hjarðeldi á þorski
- Ljósveiðar, ljósvarpa
- Rafbátar til veiða innanfjarða
- Græna hringferli Íslenskrar Matorku

Þátttakendur í pallborði



Lúðvík Börkur Jónsson
Framkvæmdastjóri
Íslenska Makrílveiðifélagið ehf.



Sigsteinn P. Grétarsson
Forstjóri
Marel Iceland ehf.



Stefán Friðriksson
Framkvæmdastjóri
Ísfélag Vestmannaeyja hf.



Helga Valfells
Framkvæmdastjóri
Nýsköpunarsjóður
atvinnulífsins

Ráðstefnuslit



Jón Bjarnason
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Sjálfbær nýting auðlinda hafsins er sjálfsögð krafa sem Íslendingar mæta með ábyrgri stjórnun fiskveiða og verndun lífríkisins, til að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna til framtíðar.



ÁBYRGAR VEIÐAR – FISKUR TIL FRAMTÍÐAR





ANALYTICA

ÁHÆTTU- OG FJÁRFESTINGARÁÐGJÖF

www.analytica.is

Gjaldeyrishöft veita ekki skjól!

- Ertu varinn fyrir hreyfingum á mörkuðum?
- Er lausafjárstýring og ráðstöfun gjaldeyris í lagi?
- Þarftu að ná betri tókum á áhættu?
- Þekkirðu áhættuþolið?
- Ertu með hagkvæmstu samsetningu skulda?
- Viltu lágmarka fjármagnskostnað?
- Vantar þig verðmat á fyrirtækinu eða eignum?
- Er þörf á ráðgjöf um fjármögnun eða skuldbreytingar?
- Vantar þig rýni á lánasamninga?

Analytica ehf. veitir óháða og virðis- aukandi fjármálaráðgjöf. Áhersla á fjár- og áhættustýringu og fjárfestingarráðgjöf til fagfjárfesta síðan 1993.

Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna, ekki hvað síst á sviði fjármögnunar og gjaldeyrismála.

Nánari upplýsingar veitir:
Yngvi Harðarson framkvæmdastjóri.

Síðumúli 14
108 Reykjavík
Sími 527 8800
analytica@analytica.is



TrackWell SeaData

- Upplýsingakerfi fyrir skipstjóra og útgerðir

Taktu stjórn - náðu yfirsýn

Um borð

Afladagbók - full útgáfa sem byggir á sama grunni og skylduútgáfa Fiskistofu.

Til viðbótar bætast við ýmsir möguleikar:

- Sjálfvirkar sendingar á gögnum til útgerðar daglega eða oftár
- Aflakort sem sýnir slóðir, köst og aflasögu liðinna ára og samanburð veiðisvæða
- Afurðastjóri
 - Afurðaskráningar, umbúðir og verðmæti
 - Reiknar afla upp í sjó og flytur í Afladagbók
 - Vinnslunýting og prufur fyrir vinnsluskíp
 - Gæðakráning á afurðum og hráefni
 - Hægt að tengja við límmiðaprentun og vinnslukerfi

Hjá útgerð

TrackWell SeaData - Hentar stjórnendum sem vilja hafa sem besta yfirsýn yfir veiðarnar

- Safnar saman gögnum frá skipum og vistar í gagnagrunni í hýstu umhverfi
- Upplýsingar um veiðislóðir og afla eru aðgengilegar í gegnum vefviðmót
- Sýnir staðsetningar skipa, kasta, slóðir og afla í hverju kasti.
- Skýrslur um afla og afurðir sem hægt er að vista sem Excel eða pdf skjöl
- Möguleiki á sjálfvirkum flutningi gagna inn í önnur upplýsingakerfi útgerðar



TrackWell
SEADATA



Vottaðar sjálfbærar fiskveiðar

fyrir kynslóðir
nútíðar og framtíðar

Yfir 11000 vörur í yfir 80 löndum bera merki MSC



Við hjálpum þér að leysa verkefnin

- Endurskoðun
- Reikningsskil
- Fjármálaráðgjöf
- Skattamál
- Upplýsingaöryggi



Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011


Frá tækifærum til tekjusköpunar Grand Hótel, 13.-14. október 2011

Framúrstefnuhugmyndum er ætlað að vera grunnur að umræðum um eflingu sjávarútvegs og tengdra greina. Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar (SÚR) kom áttakinu af stað með því að skipa undirritaða í nefnd til að sjá um framkvæmd og mat á hugmyndum. Kallað var eftir tillögum á vormánuðum 2011 með auglýsingum í dagblöðum, sjávarútvegstímaritum og netmiðlum. Auglýsingin var á vefsíðu SÚR og einnig voru sendir tölvupóstar til einstaklinga, samtaka, stofnana, skóla og fyrirtækja sem tengjast greininni. Hugmyndirnar áttu að vera framsæknar og frumlegar og fela í sér aukna nýsköpun, virðisauka, sjálfbærni og þætti sem stuðluðu að því að efla ímynd landsins eða greinarinnar út á við. Farið var fram á stutta lýsingu á hugmynd, framkvæmd, væntanlegum afkastri og lýsingu á áhrifum til góðs fyrir íslenskan sjávarútveg og tengdar greinar. Önnur gildi sem lögð var áhersla á voru traust, gagnsæi, rekjanleiki, gæði, öryggi og hollusta. Skilafrestur á hugmyndum var í maí 2011.

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir tillögum sem bárust. Sumar þeirra eru byggðar á rannsókna og nýsköpunarverkefnum stofnana, háskóla og nemenda og / eða fyrirtækja-hugmyndir, en aðrar hugmyndir komu frá einstaklingum. Allar hugmyndirnar eru verðugar frekari umræðu og sumar þeirra hafa svipaðar áherslur og styðja hver aðra. Þeim fimm-tán hugmyndum sem bárust má gróflega skipta í þrjá efnisflokk, sem endurspeglar áherslusvið og umræðugrundvöll til að efla nýsköpun í greininni (sjá mynd 1).

Samstarf - sjálfbærni - upplýsingatækni

- **Fiskur sem hægt er að rekja:** Hugmyndin lýsir ætlun fiskframleiðanda að innleiða nýja tæknimöguleika í rótgróinn iðnað til að bjóða upp á fullt gagnsæi í framleiðslu og upplýsa og vera ábyrg þegar kemur að umhverfinu. Bjóða eingöngu upp á fisk sem er veiddur á línu eða handfæri. Setja upp áætlun til að draga úr olíueyðslu og notkun á skaðlegum efnum. Útskýra á mannamáli hvernig úthlutun kvóta er háttáð á Íslandi og hvernig það hjálpar okkur að vera sjálfbær. Taka afstöðu í málum sem snerta sjálfbærni í sjávarútvegi og vera stolt af því að leggja sitt lóð á vogarskálarnar þegar kemur að umhverfistengdum málum. Íslenskur sjávarútvegur hefur á sér gott orð þegar kemur að sjálfbærni og umhverfisvernd í samanburði við önnur lönd. Þar liggja okkar tækifæri þegar horft er til framtíðar. Með því að taka afgerandi forystu í umhverfismálum má auka virði sjávarfangs og fjölga störfum innan sjávarútvegsgeirans sem krefjast tölvu, markaðs og hagfræðimenntunar. *Tengiliður: Þorsteinn Mátsson*
- **Sjálfbær þróun:** Framúrstefnuhugmyndin hefur það að markmiði að búa til vettvang þar sem útgerðaraðilar smábáta hafa möguleika á að nýta sérstöðu sína



Mynd 1. Fjöldi framúrstefnuhugmynda og flokkun eftir áherslum

og aukna þekkingu til að auka arðsemi af starfsemi og skapa ný tækifæri. Í kjölfarið mun verkefnið styrkja landsbyggðina og ímynd Íslands. Annars vegar byggir hugmyndin á þeirri forsendu að hið smáa og staðbundna hefur alla möguleika til að skapa arðbær atvinnutækifæri fyrir byggðarlög ef þar er að finna mannauð og náttúruauðlindir í næsta umhverfi. Hins vegar er hægt að stuðla að efnahagslegum tækifærum og arðsemi smárra fyrirtækja byggða á grunnhugmyndum sjálfbærar þróunar með réttum stuðningi stjórnvalda, fræðslu og samstarfi hagsmunaaðila. *Tengiliður: Sigríður Ólafsdóttir*

- **Það fiskast best á markmiðum:** Í hefðbundnum sjávarútvegi er talið að stöðnun sé í vexti á komandi árum, nokkuð meiri vöxtur er í tækni tengdri matvælavinnslu og matvælaflutningum eða um 3-8%, á ári, þá er vöxtur í fiskeldi talinn verða um eða yfir 8-10% á ári á næstu árum. Þær greinar sem taldar eru vaxa hvað hraðast á komandi árum, allt að 30-60% á ári, eru nýgræðingar á borð við sjávarlíftækni, upplýsingatækni sem tengist hafinu, græna orku, þörunga, lýsi og önnur hafgæði sem talin eru með einstaka eiginleika sem fæðubótarefni og sem efni í lyf, margháttada fjarskiptatækni á hafinu og svo mætti áfram telja. Hugmyndin felst í því að setja þurfi skýrar línur og stefnu um það hvar við hyggjumst vera í haftengdri starfsemi á næstu árum og áratugum. Hér er lagt til að útgerð, fiskvinnsla, tækni, nýsköpun og þróun og rannsóknaraðilar auki samstarf sitt og minnki mögulega þröskulda samstarfs. Það fiskast best á markmiðum og markmiðið á að vera að auka virði allra fyrirtækjanna og nýta betur þau tækifæri sem Íslendingar hafa til að efla nýgræðinga í íslenska sjávarvæðingum og skapa störf. *Tengiliður: Þór Sigfússon*
- **Hið Íslenska Sjávarnet, hvernig samvinna, samskipti og samheldni getur bætt samkeppnisstöðu Íslenskra sjávarafurða:** Hugmyndin byggist á því að skapa grundvöll fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki til að byggja upp markaðsstarf sitt og samnýta upplýsingar á sem árangursríkastan hátt með viðurkenndum aðferðum nútíma markaðsfræða. Innblástur að hugmynd

inni er SCOR® módelið, sem byggir á innleiðingu á framleiðslulíkönunum, frammistöðumælingum og bestu framleiðsluháttum í allri virðis_keðjunni. Þessi aðferðafræði hefur sannað sig sem eitt öflugasta tæki til frammistöðubætingar þeirra fyrirtækja sem hafa nýtt sér það. Hugmyndinni er ætlað að styrkja samkeppnisgrundvöll allra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og bæta árangur þeirra á hörðum samkeppnismarkaði erlendis með, auka virði fyrir viðskiptavinum og lágmarka sóun í rekstri fyrirtækja. Hið Íslenska sjávarnet er framúrsteftulegt þar sem tillagan gerir ráð fyrir að samtökin séu hlutlaus, gróðalaus og vinni því í þágu meðlima sinna. Einnig gerir hugmyndin ráð fyrir nýrri nálgun í markaðsfærslu fiskafurða á Íslandi og jafnvel í heiminum þar sem augljósir sameiginlegir hagsmunir Íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja liggja í að virði „Íslenskra afurða“ í augum kaupenda sé hátt. *Tengiliður: Guðmundur Þór Þórðarson*

Frumframleiðsla - tækni - umhverfi

- **Ljósveiðar, ljósvarpa:** Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarþú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrsteftnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða vegg úr laserljósi. Framúrsteftnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum. *Tengiliður: Halla Jónsdóttir*
- **Hjarðeldi á þorski:** Hugmyndin gengur út á að koma upp fódunarstöðvum fyrir villtan smáþorsk á grunnslóð þar sem hjarðir af þorski yrðu fóðraðar frá vori og fram á haust með frosinni loðnu eða öðru hentugu fóðri. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimila ákveðnu útgerðarfélagi afnotarétt á afmörkuðu svæði umhverfis fódunarstöðvarnar í tiltekinn tíma. Velja þarf strandsvæði þar sem mikið er af smáum, horuðum og verðlittum þorski. Til að tryggja að umræddur aðili geti nýtt sér útlagðan kostnað við fóður og fódrun á fiski er nauðsynlegt að svæðið umhverfis fódunarstöðvarnar sé nægilega stórt, t.d. einn stór fjörður. Hugmyndin byggir á margra ára rannsóknunum sem miða að því auka hagkvæmni, minnka kostnað og orkunotkun við veiðar og betri nýtingu á kvóta. Arðsemisútreikningar benda til að hjarðeldi sé hagkvæmara en áframeldi og mun hagkvæmara en aleldi á þorski. *Tengiliður: Björn Björnsson*
- **Rafbátar til veiða innanfjarða:** Rafbátur með tvinnaflikerfi er hannaður til að nýta umhverfisvæna orku á skilvirkan hátt og hugmyndin miðar að því að nota slíkan

bát til veiða innanfjarða og markaðssetja fisk sérstaklega með áherslu á umhverfi og sjálfbærni auk þess að nýta bátinn fyrir erlenda stangveiðimenn og efla strandnýtingu. Verkefnið væri tilraunaverkefni til ákveðins tíma þar sem skoðaðir yrðu kostir og gallar slíkra báta til fiskveiða. *Tengiliður: Vikingur Gunnarsson*

- **Fiskeldi í fjörðum:** Hugmyndin felst í að innfjörður í eyði með náttúrulegu skjóli frá fjöllum er settur innan girðingar enda á milli. Innan girðingar færi fram stórtækt þorskeldi með þremur vinnsluhúsum í landi, eitt til fullvinnslu á afla, annað til vinnslu á saltfiski og roði og hið þriðja til framleiðslu á seiðum og rannsóknunum, ásamt kennslu í fiskeldi. *Tengiliður: Sigurður Hansson*
- **Græna hringferli Íslenskrar Matorku** Græna hringferlið byggir á hugmyndafræðinni „Græna hagkerfið“ þ.e. að starfrækja fiskeldi með tveimur ólíkum fisktegundum þar sem vatnið frá einni tegund er nýtt fyrir aðra og síðan til vökvunar og næringargjafar í gróðurhús þar sem ræktun þörungna eða grænmetis fer fram. Vatnið úr fiskeldinu inniheldur köfnunarefni og önnur efni sem minnka þörf á annarri áburðargjöf. Græna hringferlið er framsækin og frumleg hugmynd sem getur skapað Íslandi mikla sérstöðu á mörkuðum í framtíðinni og nýtir um leið góða ímynd Íslands í sjávarútvegi erlendis og einstakar auðlindir sem felast í endurnýjanlegri orku og vatni. *Tengiliður: Stefanía Karlsdóttir*

Vöruþróun – markaðir – samstarf

- **Framleiða fóður fyrir búfé úr fiskúrgangi:** Hugmyndin er að framleiða fóður fyrir sauðfé og hross (jafnvel nautgripi líka) úr fiskúrgangi. Markmiðið er að bæta nýtingu í íslenskri fiskvinnslu, minnka innflutning á fóðurbæti fyrir búfénað og bæta heilsufar bústofnsins. Góður árangur hefur náðst við að nota fiskúrgang til skepnufóðurs á Mælifellsá í Skagafirði þar sem stundaður er lífrænn búskapur. Bændurnir telja að fiskúrgangurinn skipti sköpum varðandi bætt heilsufar fjárins. Íslenskur fiskiðnaður nýtur virðingar erlendis vegna mikilla gæða og góðrar nýtingar á sjávarafli. Þessi hugmynd eykur enn frekar hróður hans með því að færast nær fullvinnslu bolfiskafla. *Tengiliður: Helga Þórðardóttir og Björn Margeirsson*
- **Ω-landið Ísland:** Með breytingu hugarfars og skynsamlegri nýtingu og þróun á fiskimjöli og lýsi má auka útflutningsverðmæti þessara afurða margfalt og skapa þannig störf og gjaldeyri. Ísland leiti samstarfs við stór alþjóðleg lyfjafyrirtæki um uppbyggingu og þróun omega-3 lyfjaframleiðslu héraðs og stuðli að nýtingu fiskimjöls í verðmætar afurðir til lyfjaframleiðslu, sem fæðubótarefni og í matvæli. Við erum með gullnámu í sjónum í kringum Ísland. Norðmenn áætla að velta í omega-3 fæðubótaefnaðnaði tvö- eða þrefaldist á tiltölulega skömmum tíma. Kanadamenn leggja kapp á að fjárfesta í omega-3. Tækifærin á þessu sviði eru mikil en það þarf framtíðarsteftnumörkun og víðtækt samstarf rannsóknastofnana, sjávarútvegs,

innlands og alþjóðlegs iðnaðar og stjórnvalda til að nýta þau sem best. *Tengiliður: Þór Sigfússon*

- **Lýsi í Kína:** Hugmyndin felst í að selja lýsi í Kína. Ásamt því að vekja sérstaka athygli á mikilvægi lýsis fyrir heilbrigði vegna innihalds af omega-3 og annarra næringarefna, verði einnig vakin athygli á Íslandi. Samhliða kynningu á hollustu íslenska lýsisins mætti kynna landið sem áhugavert land fyrir ferðamenn. Áætlað er að flestir ferðamenn í heiminum verði Kínverjar eftir nokkur ár. Það er vani í viðskiptum í Kína að skiptast á gjöfum og kannski mætti gefa íslenskt lýsi í auglýsingaskyni í flottum umbúðum með ítarlegum upplýsingum um hollustuna. *Tengiliður: Kristján H. Kristjánsson*


- **Þróun á fullvinnslu sæbjúgnaafurða og aukin nýting:** Hugmyndin kemur frá aðilum sem hafa verið tengdir nýsköpun og þróun sæbjúgnaafurða úr þessu ónýtta sjávarfangi hér við strendur Íslands og unnið að veiðum, frystingu, aukningu á vinnslugetu, aðferðum við slægingu, þróun tækjabúnaðar við vinnslu og markaðssetningu afurða í Asíu. Markmið hugmynda er að ná tókum á fullvinnslu sæbjúgna á Íslandi með aðferðum sem aðskilja vöðva, (sem hingað til hefur farið til spillis) suðuðferð til að þenja sæbjúgun út og fullþurrka skinnið hér heima. Með nýjum aðferðum er þess vænst að auka nýtingu hráefnisins og verðmæta-sköpun á Íslandi. *Tengiliður: Kristján Olgeirsson*

- **Vinnsla og sala á fisk sundmögum sem hágæða vöru á markað í Kína:** Samkvæmt kínverskum heilsulækningum tilheyrja fisk sundmagar flokki fjögurra sjávarafurða sem kallaðar eru fjársjóður hafsins og eru taldar búa yfir einstökum eiginleikum umfram hefðbundnar sjávarafurðir. Verið er að þróavinnsluáferð, sem uppfyllir kröfur hágæða markaðarins með sundmaga í Kína. Gera má ráð fyrir að aukin atvinnutækifæri skapist í landvinnslu auk sérhæfðar starfsemi í vinnslu á ensímum til hreinsunar á sundmögum og auknum tækifærum í framleiðslu á sjálfvirkum vinnsluvélum. Þessi hugmynd er atvinnuskapandi fyrir landvinnslu stórra sem smárra sjávarbyggða auk fyrirtækja í mismunandi starfsgreinum sem tengjast vinnslu á sjávarfangi. *Tengiliðir: Bjarni Eiríksson, Rut Hermannsdóttir og Sigurjón Arason.*

- **Bolla, bolla, fiskibolla:** Það er trú höfundar að fiskibolla gerð úr úrvalshráefni (ekki marning eingöngu eins og oftast er gert) sé frábær framreiðsla á fiskvöru og ætti að eiga greiðan aðgang að mörkuðum í nálægum löndum. Fiskflök- og bitar í verslunum, mötuneytum og veitingahúsum eru mjög oft óáreiðanleg í gæðum og framsetning óaðlaðandi. Það vantar fiskvöru þar sem gæðin eru stöðug og trygg. Fiskibollan yrði fullunnin á upprunastað, og væri einföld í pökkun (iqf), geymslu og matreiðslu. *Tengiliður: Finnboji Alfreðsson*

Mat á framúrstefnuhugmyndum – verðlaun

Við mat á hugmyndum var notuð aðferðafræði, sem bygg-



Mynd 2. Matsþættir sem notaðir voru við mat á framúr- stefnuhugmyndum og hlutfallslegt vægi þeirra.

ir á að gefa einkunnir fyrir skilgreinda þætti og hver dómari gaf einkunn eftir sinni sannfæringu. Einkunnastigi og matsblað var þróað og dómnefndin kom sér saman um matsþætti sem var gefið mismunandi vægi (sjá mynd 2).

Samanlögð einkunn allra dómara (5) gildi sem mats- einkunn fyrir hverja hugmynd, en mismunandi bakgrunnur dómara var trygging fyrir fjölbreytni í matinu. Á þennan hátt var matið gagnsætt og komið var í veg fyrir huglægar vangaveltur um forgangsöröðun hugmynda.

Niðurstöður dómnefndar um bestu hugmyndirnar verða kynntar á Sjávarútvegsráðstefnunni og veitt verða verðlaun, verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Verðlaunin eru táknrænn verðlaunagripur sem gefinn er af TM og stefnt er að því að veiting slíkra verðlauna festi sig í sessi og verði árlegur viðburður á Sjávarútvegsráðstefnunni. Við sem að framkvæmdinni stóðum þökkum öllum þeim sem sendu inn hugmyndir og vonumst til þess að kynning hugmynda og umræða verði til þess að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegs- fyrirtækja og tengdra greina. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Gunnarsson (netfang: valdimar@ sjavarutvegur.is).

Dómnefnd Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011:

Guðrún Ólafsdóttir (formaður dómnefndar),
Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Ármannsson, Hjálmar
Sigurþórsson, Lúðvík Börkur Jónsson

Hollusta á hafi – Forvarnastarf Tryggingamiðstöðvarinnar

Tryggingamiðstöðin hefur unnið skipulega að því að efla forvarnastarf meðal sjómanna. Stór þáttur í því er að sjávarútvegsfyrirtæki hugi vel að heilsu starfsmanna og öðru öryggi, að hafa góða heilsu bætir lífsgæði fólks.

Meginmarkmið forvarnastarfsins er að efla þekkingu og nýja hugsun hjá stjórnendum og starfsmönnum um forvarnarmál. Starfsemi forvarnarsviðs TM felst m.a. í því að þjónusta viðskiptavinum sína með þeim hætti að heimsækja fyrirtæki sem ráðgefandi aðili með fræðsluerindi um þennan málaflokk.

Í september sl. gáfum við út matreiðslubók í tengslum við forvarnavinnu okkar í sjávarútvegnum sem heitir Hollusta á hafi sem sjókokkar geta haft að leiðarljósi til að breyta matarvenjum um borð. Við hjá TM fengum Sæmund Kristjánsson og Dóru Svavarsdóttir á veitingastaðnum Á næstu grösum til liðs við okkur til að útfæra bókina. Í bókinni eru uppskriftir að einföldum og hollum réttum. Þarna er að finna marga flokka svo sem súpur, kjötrétti, fiskarétti, pastarétti, baunarétti, brauðuppskriftir og kökuuppskriftir. Tilgangur bókarinnar er að fylgja því eftir sem við leggjum áherslu á varðandi hollan mat og að hjálpa útgerðum og matreiðslumönnum til sjós að auka á fjölbreytni í mataræði. Það er ósk og von okkar hjá TM að svo muni verða og bókin muni eiga þátt í að bæta matarvenjur. Einnig höfum við útbúið heimildarmynd sem við frumsýndum á sjávarútvegssýningunni í september sl. um forvarnastarfið og heilsueflingarverkefnið okkar hjá TM í íslenskum sjávarútvegi.

Við hjá TM erum að hugsa nokkuð langt út fyrir boxið en teljum það að hlúa að starfsfólki á þennan hátt séum við að efla viðhorf og áhuga þeirra að eigin heilsu og lífstíl. Það teljum við vera grunninn að öllu forvarnastarfi. Afhverju? Jú við teljum það ef einstaklingur er í góðu líkamlegu atgervi þá tekst hann betur á við óvæntan og ófyrirséðan atburð til

að forða sér frá slysi. Ef viðkomandi verður fyrir því óláni að lenda í slysi eða óhappi þá er hann betur í stakk búin að takast á við endurhæfingu og ná betri endurheimt að fyrri getu. Lífsgæði viðkomandi og starfsánægja verður jákvæðari og betri.



Við viljum ná upp menningu og anda í fyrirtækjunum þannig að öryggismálin séu til umræðu og æskilegur þáttur af daglegri vinnu. Við segjum að menning og andi séu þéttifni fyrirtækisins og þá erum við að skírskota til þess að allir stefni í sömu átt; að menn sjái að þeir geti leyst vinnuna á öruggan hátt en setji sig ekki í óþarfa hættu. Við köllum það „öryggishegðun“ og „öryggismenningu“. Viðhorf starfsmanna að hægt sé að hafa áhrif á aðstæður skipta miklu máli og til þess þurfa einstaklingar að vera sannfærðir um eigin getu til að hafa áhrif á aðstæður með breyttri hegðun. Það smitast allir þegar fyrirtæki fara af stað í verkefni eins og að efla forvarnir og huga að eigin heilsu og öðrum öryggisþáttum eins og áhættumati og slysaskráningu. Þetta verður hluti af menningu fyrirtækisins.

Methúsalem Hilmarsson
Forstöðumaður forvarna hjá Tryggingamiðstöðinni.



Íslenskur sjávarútvegur



Nýlega gaf Íslandsbanki út skýrslu um íslenskan sjávarútveg. Skýrslan fjallar um helstu hagstæðir, þýðingu sjávarútvegs fyrir efnahag landsins og rekstrarárangur fyrirtækja í greininni. Hér á eftir eru valdir kaflar úr skýrslunni. Skýrsluna er hægt að nálgast á bás Íslandsbanka á Sjávarútvegsráðstefnunni og á heimasíðu bankans, www.islandsbanki.is/fiskur.



Helstu niðurstöður

Sjávarútvegur er ein af undirstöðum íslenska hagkerfisins – sérstaklega nú þegar mikilvægi útflutnings hefur aukist. Árið 2010 námu sjávarafurðir 39% af heildarútflutningsverðmæti frá Íslandi en um 25% af heildarvirði útflutnings og þjónustu. Evrópa er mikilvægasta markaðssvæðið en um 80% af útflutningi sjávarafurða í fyrra fóru til Evrópulanda. Bráðabirgðatölur sýna að um 11% af vergri landsframleiðslu árið 2010 komu frá sjávarútvegi. Í greininni starfa beint 8.600 manns eða um 5,2% af heildarvinnuafli þjóðarinnar. Greinin hefur skapað margvísleg afleidd störf og er mikilvæg fyrir fjölmörg þjónustu-, innflutnings- og ráðgjafarfyrirtæki sem byggja afkomu sína á þjónustu við sjávarútveg.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur að jafnaði gengið vel síðustu ár. Árin 2009 og 2010 eru með þeim allra bestu hvað varðar EBITDA framlegð. Horfur fyrir árið 2011 eru góðar. Jákvæðir drifkraftar í rekstrinum nú eru lágt gengi krónu sem fer saman við fremur hátt afurðaverð. Umfangsmiklar og víðtækar hagræðingaraðgerðir síðustu ára eru farnar að skila sér. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir kvótasamdrátt, hátt olíuverð og auknar álögur á greinina.

Ísland er í sautjándra sæti yfir mestu fiskveiðiþjóðir í heimi með um 2% aflans. Árið 2010 var heildarafli íslenskra skipa 1.063 þúsund tonn sem var 6% lækkun milli ára. Heildaraflaverðmæti ársins 2010 var tæpir 133 milljarðar króna. Sem fyrr var aðaláherslan á veiðar og vinnsla á botnfiski en þorskur var verðmætasta fisktegundin með um 34% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða. Þar á eftir voru karfi og ýsa með 12% og 13% af útflutningsverðmætinu. Uppsjávarartegundir eins og síld, loðna, kolmunni og nú síðast makrill eru einnig mikilvæg uppspretta hræfnis þó að verðmæti þeirra sé minna en botnfiska.

Sterk tilhneiging hefur verið til sameiningar í íslenskum sjávarútvegi síðustu áratugi eftir að aflaheimildir urðu framseljanlegar. Drifkraftur sameininganna hefur verið að auka hagkvæmni í rekstri. Þessi samþjöppun hefur haft í för með sér aukna skuldsetningu innan greinarinnar. Nú eru 50 stærstu útvegsfyrirtækin með um 87% af úthlutuðum kvóta. Þar af eru 10 stærstu fyrirtækin með 53% kvótans. Út frá úthlutuðum kvóta voru eftirfarandi fyrirtæki stærst árið 2010: HB Grandi, Samherji, Ísfélag Vestmannaeyja, Síldarvinnslan og Vinnslustöðin.

Íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem gæði vörunnar, afhendingaröryggi og þjónusta skipta höfuðmáli. Hagsmunir Íslendinga eru miklir og mikilvægast er að fiskistofnarnir í kringum landið skili þjóðarbúinu sem mestum arði með sjálfbærum hætti. Í því ljósi þarf að ná sátt um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar sem allra fyrst. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram tvö frumvörp um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða í vor. Frumvörpin gerðu ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Fyrra frumvarpið innihélt aðallega breytingar á veiðigjaldi og strandveiðum og var það samþykkt í júní síðastliðnum. Seinna frumvarpið

Lykilatriði

Íslenskur sjávarútvegur

1. Sjávarafurðir eru um 39% af heildarvirði útflutningsvara landsins en um 25% af heildarvirði útflutnings og þjónustu.
2. Samanlagt virði útfluttra sjávarafurða árið 2010 var 220 milljarðar íslenskra króna og telur Íslandsbanki að útflutningsverðmæti muni halda áfram að aukast.
3. Sjávarútvegur var um 11% af vergri landsframleiðslu árið 2010.
4. Evrópa er stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir með um 80% hlutdeild.
5. Þorskur er verðmætasta fisktegundin með um 33% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða.
6. Frá ársbyrjun 2011 hefur verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum hækkad um 9,0% en verðvísitala sjávarafurða í SDR um 2,5%.
7. Ísland er sautjándra umsvifamesta fiskveiðiþjóð heims með 2% af heildarafla.
8. Góð EBITDA framlegð var af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja árið 2009 og 2010.
9. Um 87% af árlegum úthlutuðum kvóta eru á hendi 50 stærstu fyrirtækjanna.
10. Á Íslandi starfa um 8.600 manns beint í sjávarútvegi eða um 5,2% af heildarvinnuafli.
11. Íslandsbanki varar við neikvæðum áhrifum frumvarps sjávarútvegsráðherra um breytingar á stjórn fiskveiða.

mun fara aftur fyrir þing í haust en það inniheldur frekari breytingar á fiskveiðikerfinu. Íslandsbanki gaf út álit sitt á frumvörpunum í júní 2011 og er hægt að nálgast álitinu á heimasíðu bankans. Í álitinu kemur fram að Íslandsbanki hefur miklar efasemdir um þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Við núverandi stöðu fer dýrmætur tími og orka til spillis sem betur væru nýtt við að finna leiðir til að hámarka verðmætasköpun úr þeim fiskistofnum sem eru fyrir hendi og efla samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi.

Sjávarútvegur á Íslandi

Sjávarútvegur hefur verið Íslendingum mikilvægur í gegnum aldirnar bæði sem mikilvæg uppspretta matar fyrir þjóðina og stór hluti af útflutnings-tekjum landsins.


Vélvæðing í íslenskum sjávarútvegi hófst í byrjun nítjándu aldar. Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga kom til landsins árið 1904. Fiskveiðigeirinn þróaðist síðan hratt og voru 29 togarar gerðir út frá íslenskum höfnum árið 1927. Frá 1905 til 1917 meira en tvöfaldaðist veiði á botnfiski, úr 40 þúsund tonnum í 100 þúsund tonn.

Í kringum 1970 voru fyrstu skuttogararnir teknir í notkun og árið 1983 voru um 103 togarar gerðir út frá íslenskum höfnum. Kvótakerfi var komið á árið 1984 þegar ofveiði á Íslandsmiðum var orðin vandamál. Árið 1994 tóku í gildi lög sem leyfðu fullt framsal kvóta milli félaga. Eftir að kvótakerfið kom á hefur hagnaður íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja fyrir skatta, afskriftir og fjálmagnsliði hækkað verulega og var EBITDA framlegð sjávarútvegsfyrirtækja komin í 31% árið 2009.

Samkvæmt nýjstu gögnum frá FAO var Ísland sautjándi umsvifamesta fiskveiðipjóð heims árið 2009. Ísland hefur fallið um sex sæti frá árinu 2000 en þá var landið ellefta umsvifamesta fiskveiðipjóðin. Heildarafli á heimsvísu var 65,2 milljónir tonna árið 2009. Ísland veiddi um 2% af heildarafli eða 1,1 milljón tonn. Tuttugu umsvifamestu fiskveiðipjóðir heims veiddu 78% af heildarafli ársins 2009.


Sjávarfang er mikilvægur hluti af fæðu Íslendinga og er neysla sjávarafurða á Íslandi um 87 kg á íbúa á ári (óslægður fiskur) samkvæmt tölum frá FAO. Það er meira en fjórföld meðalneysla í Evrópu sem er um 21 kg á íbúa á ári.

Neysla sjávarútvegsafurða í helstu útflutningslönd Íslands árið 2007 og meðaltal heimsálfa (kg/mann)



Heimild: FAO

Afli 20 stærstu fiskveiðipjóða heims árið 2009 í milljónum tonna



Heimild: FAO

Rekstur og efnahagur sjávarútvegsfyrirtækja

Rekstrarafkoma

Rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu, 1997–2009

Fiskveiðar (ISK ma)	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur alls	60	63	64	63	76	83	70	71	75	82	85	103	118
EBITDA	10	12	12	12	19	19	15	12	15	20	18	26	31
Afskriftir	-8	-10	-10	-9	-9	-12	-12	-12	-9	-8	-7	-8	7
Verðbreytingafærsla og vextir	-3	-3	-2	-8	-11	5	0	2	3	-22	1	-127	-13
Hreinn hagnaður (EBT)	-1	1	0	-5	-2	13	2	3	9	-10	13	-109	11

Fiskvinnsla (ISK ma)	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur alls	74	78	74	69	93	98	86	93	80	90	94	128	156
EBITDA	6	8	5	6	18	8	8	7	6	12	6	22	33
Afskriftir	-4	-4	-5	-5	-3	-3	-2	-3	-2	-2	-3	-4	5
Verðbreytingafærsla og vextir	-2	-2	-1	-4	-7	6	1	2	0	-12	2	-66	-9
Hreinn hagnaður (EBT)	1	3	-1	-3	8	10	6	5	4	-2	6	-48	18

Niðurstöður úr rekstri sjávarútvegsfyrirtækja fyrir tímabilið 1997–2009 sýna að tekjur og EBITDA framlegð hefur aukist verulega síðasta áratuginn. Gögn fyrir árið 2010 gefa til kynna sterka rekstrarafkomu og horfur fyrir árið 2011 eru ágætar. Þessar niðurstöður er góðar þegar litið er til kvóta-skerðingar og hækkunar á olíuverði. Hagnaður fyrir skatta (EBT), þegar búið er að taka tillit til afskrifta og fjármagnsliða, er yfirleitt jákvæður yfir tímabilið. Síðasta áratuginn hefur hagnaðurinn ekki verið mikill og auk þess viðkvæmur fyrir gengisbreytingum.

Verð og gengisþróun

Verð á sjávarafurðum hefur farið hækkandi undanfarin tvö ár eftir dágóða lækkun í byrjun árs 2009. Frá ársbyrjun 2011 hefur verðvísitala sjávarafurða í íslenskum krónum hækkað um 9,0% en verðvísitala sjávarafurða í SDR um 2,5% (kórfuvisitala Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem byggð er á evru, jeni, sterlingspundi og Bandaríkjadal).




Verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur verið hátt að undanförunu og auk þess hefur raungengi íslensku krónunnar verið frekar lágt þannig að verð á sjávarafurðum mælt í íslenskum krónum hefur hækkað umtalsvert. Veik staða krónunnar hefur þar með haft nokkuð jákvæð áhrif á sjávarútveginn og aðrar útflutningsgreinar þar sem veik króna bætir samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja. Vöxtur á útflutningsverðmæti sjávarafurða hefur aukist mikið síðustu tvö árin og má rekja þennan vöxt að einhverjum hluta til sterkrar samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á grundvelli veikrar myntar.

Ef litið er til einstakra tegunda sjávarafurða má nefna að verð á fiskimjöli hefur verið í sögulegu hámarki síðustu tvö árin. Talið er að heimsmarkaðsverð á mjöli haldi áfram að hækka sökum aukinnar eftirspurnar. Fiskimjöl er meðal annars mikið notað í fiskeldi og þar sem talið er að fiskeldi muni vaxa hratt í heiminum í framtíðinni má búast við aukinni eftirspurn.

Helstu botnfisktegundirnar hafa einnig verið að hækka síðustu tvö árin. Frá ársbyrjun hefur verð á þorski verið nokkuð stöðugt en aðrar botnfisktegundir hækkað nokkuð.

Verðlagsstofa skiptaverðs tekur saman vegið meðalverð fyrir ýmsar fisktegundir, þar á meðal þorsk, ýsu og ufsa. Verð og magn eru miðuð við landaðan afla og einungis tölur um bein kaup innlendra fiskverkenda og sölu á innlendum fiskmörkuðum eru notuð. Fundið er svo vegið meðaltal á þessu tvennu. Meðalverð fyrir árið 2011 er 288,92 kr/kg fyrir þorsk, 258,92 kr/kg fyrir ýsu og 175,26 kr/kg fyrir ufsa.



Í þjóðhagsspa sinni gerir Hagstofan ráð fyrir að verð á sjávarafurðum muni hækka um 8,5% árið 2011, 4,0% árið 2012 og 2,2% árið 2013.



Fiskveiðistjórnunarkerfi

Sjávarútvegurinn er mjög mikilvægur í efnahagslífi þjóðarinnar þar sem hann leggur til um 39% af heildarvöruútflutningsverðmæti Íslands og leggur beint til um 11% vergrar landsframleiðslu ár hvert. Framlagið er þó í reynd mun meira því greinin hefur margföldunaráhrif á aðrar atvinnugreinar í hagkerfinu og skapar afleidd störf og tekjur fyrir fjölmörg framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Því er nauðsynlegt að þau verðmæti sem fiskistofnar við landið gefa af sér séu háværkuð með sjálfbærum hætti. Þannig er hægt að auka lífsgæði og hag þjóðarinnar til framtíðar.

Rekstrarárangur sjávarútvegsins, mældur út frá EBITDA framlegð (afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir) hefur aukist jafnt og þétt frá upptöku núgildandi stjórnkerfis fiskveiða. Það má glögg sjá á eftirfarandi mynd. Þessi þróun EBITDA-framlegðar er ekki síst merkileg í ljósi þess að veiði á þorski, verðmætustu fisktegundinni, dróst mikið saman á tímabilinu. Á sama tíma býr sjávarútvegur í mörgum samkeppnislöndum Íslands við umtalsverða ríkisstyrki.



Eins og sjá má á ofangreindri mynd var kvótakerfið innleitt árið 1984. Kvótakerfinu var komið á til að vernda íslenska fiskistofna fyrir ofveiði. Kvótakerfinu var svo breytt talsvert árið 1990 þegar framsal kvóta var leyft. Síðan kvótakerfið var innleitt hefur EBITDA framlegð sjávarútvegsfyrirtækja hækkað talsvert og var komin í 31% árið 2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram tvö frumvörp um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða í vor. Frumvörpin gerðu ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Fyrri frumvarpið innihélt aðallega breytingar á veiðigjaldi og strandveiðum og var það samþykkt í júní síðastliðnum. Seinna frumvarpið mun fara aftur fyrir þing í haust en það inniheldur frekari breytingar á fiskveiðikerfinu.




Íslandsbanki gaf út álit sitt á frumvörpunum í júní 2011 og er hægt að nálgast álitinu á heimasíðu bankans. Í álitinu kemur fram að Íslandsbanki hefur miklar efesmdir um þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Hagsmunaaðilar og félög

Sterk tilhneiging hefur verið til sameiningar í íslenskum sjávarútvegi síðustu tvo áratugi eftir að aflaheimildir urðu framseljanlegur. Drifkraftur þessa er að auka hagkvæmni í rekstri. Þessi samþjöppun hefur haft í för með sér aukna skuldsetningu innan greinarinnar en á sama tíma stuðlað

mjög að aukinni arðsemi félaga. Þá eru stærri félög sem hafa aflaheimildir í fleiri tegundum betur í stakk búin að takast á við rekstrarsveiflur.



Íslenski fiskiskipafloinn hefur dregist saman á undanföllum áratugum, bæði hvað varðar fjölda skipa og brúttótonn. Skipum hefur fækkað um 18% eða úr 1.976 árið 1999 í 1.625 árið 2010. Þar af hefur togurum fækkað úr 91 í 57. Árið 2010 var fjöldi vélskipa 761 og fækkaði þeim um sjö skip á milli ára. Í fyrsta sinn í áratug fylgjaði fiskiskipum milli ára um 43 skip og voru það allt opnir fiskibátar.



Vægi sjávarútvegs í íslenskum efnahag

Hlutur sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu

Sjávarútvegur hefur í aldanna rás gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku efnahagslífi. Þótt hlutur sjávarútvegs í heildarlandsframleiðslunni hafi minnkað nokkuð á síðari hluta tuttugustu aldar er hann þó enn mikilvægur atvinnuvegur á Íslandi með um 11% beint framlag til landsframleiðslunnar og 40% vöruútflutningsverðmætis árið 2010. Í sögulegu samhengi er 11% hlutdeild veiða (5,3%) og vinnslu (5,4% áætlun) í landsframleiðslunni töluvert yfir meðaltali ef horft er til síðustu 10 eða 15 ára.



Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu 2010

Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu 2010	Fjöldi	Hlutfall
Alls	8.600	5,2%
Höfuðborgarsvæðið	1.500	1,4%
Landsbyggðin	7.100	11,9%


Störf í sjávarútvegi

Í dag starfa um 8.600 manns á Íslandi með beinum hætti við sjávarútveg, 5.000 við fiskveiðar og 3.600 við fiskvinnslu. Samtals er það um 5,2% af heildarvinnuafli landsins. Frá árinu 1991 til 2010 fækkaði störfum við fiskveiðar um 1.200 en í vinnslum um 4.400.

Sjávarútvegur gegnir sérlega veigamiklu hlutverki á landsbyggðinni þar sem um 11,9% starfa eru í sjávarútvegi samanborið við aðeins 1,4% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi starfa í öðrum greinum er tengdur sjávarútvegi m.a. ýmiss konar iðnaður og þjónustugreinar við sjávarútveg.



Útflutningur sjávarafurða

Sjávarútvegurinn lagði til um 39,3% alls vöruútflutnings árið 2010. Ef hins vegar er skoðaður bæði þjónustu- og vöruútflutningur er sjávarafurðir um 25% af heildarútflutningsverðmæti. Útflutningsverðmæti sjávarafurða var um 220 milljarðar króna á síðasta ári eða aukning um 5,7% frá árinu 2009. Magn dróst hins vegar saman um 5,5% á þessu tímabili. Ástæður þess eru sterk samkeppnisstaða á grundvelli veikrar myntar, aukin eftirspurn og verðhækkningar á fiskmörkuðum heimsins.



Aðeins áliðnaðurinn var með hærri útflutningsverðmæti en sjávarútvegurinn árið 2010 eða um 222,4 milljarða króna. Þar á eftir voru samgöngur og flutningar (145 milljarðar) og ferðabjónustan (68 milljarðar) árið 2010.


Hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi hefur lækkað undanfarin ár en það er aðallega vegna aukins álútflutnings frekar en samdráttar í útflutningsverðmæti sjávarafurða sem hefur heldur aukist.



Ef horft er á útflutningsverðmæti á föstu verðlagi árið 2010 má sjá að útflutningsverðmætin árin 2009 og 2010 eru lægri en útflutningsverðmæti síðustu ára.

Útflutningur sjávarafurða eftir löndum


Íslenskar sjávarafurðir eru aðallega fluttar út til Bretlands (21%) en þar á eftir koma Spánn (9%) og Noregur (7%). Tíu efstu þjóðir á lista yfir kaupendur íslenskra sjávarafurða eru samanlagt með um 74% alls útflutningsverðmætis og fimm efstu þjóðirnar með 50% eins og sjá má á mynd 27. Meira en tveir þriðju hlutar af öllum útfluttum sjávarafurðum frá Íslandi fara til landa innan Evrópusambandsins. Heildarútflutningur til Evrópulanda (bæði innan og utan ESB) er um 80% af öllum útflutningi sjávarafurða frá Íslandi.




Til Bretlands er mest flutt af frystum eða kældum þorski og ýsu ásamt frystri rækju. Til Spánnar fer mikið af saltfiski og frystum þorski ásamt frystum humri. Til Hollands er flutt mikið af saltfiski og frystum þorski ásamt frystum ufsa og loðnuhognum. Til Noregs er aðallega flutt fiskmjól og lýsi úr síld, loðnu og kolmunna. Til Frakklands er aðallega fluttur ferskur þorskur en til Japans fryst loðnuhogrn, sjófrystur karfi og grálúða.

Útflutningur sjávarafurða eftir tegundahópum, tegundum og afurðaflokkum

Þorskur var verðmætasta útflutningstegundin árið 2010 með 72 milljarða króna en þar á eftir kom síld með 21 milljarða króna og ýsa með 19 milljarða.




Útflutningsverðmæti uppsjávartegunda árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir afurðaflokkum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands


Um 64% af heildarútflutningstekjum allra fisktegunda voru af botnfisktegundum sem eru mun verðmætari en uppsjávartegundir sem voru um 21% af útflutningstekjum.

Meira en helmingur útflutningstekna af botnfisktegundum var af þorski en næst á eftir komu ýsa og karfi.

Nær helmingur útflutningstekna af uppsjávartegundum var af sild en þar á eftir kom loðna og makrill. Loðnan jókst talsvert frá árinu 2009 enda lítið veitt af henni þá. Makrill kom líka sterkur inn árið 2010 og var um 19% af útflutningsverðmæti uppsjávartegunda og er líklegt að það hlutfall fari hækkandi.

Afli og aflaverðmæti

Afli íslenskra skipa af öllum miðum, 1945–2010, í milljónum tonna




Heimild: Hagstofa Íslands

Hafið umhverfis Ísland er líklega gjöfulustu mið í Norður-Atlantshafi. Í íslenskum sjávarútvegi hefur áherslan helst verið á fiskveiðar og vinnslu á botnfiski, aðallega þorski en einnig á ýsu, ufsa og karfa. Uppsjávartegundir eins og sild, loðna, kolmunni og nú síðast makrill eru einnig mikilvæg uppspretta hræfnis þótt verðmæti þeirra sé minna en botnfiska.

Heildarafli hefur aukist úr 366 þúsund tonnum árið 1945 í 1.063 þúsund tonn árið 2010. Heildarafli náði hámarki í 2.199 þúsund tonnum árið 1997 og hefur því dregist saman um helming síðan þá.

Aflaverðmæti ársins 2010 voru tæpir 133 milljarðar króna sem er um 15,2% hækkun frá 2009. Árið 2010 var þorskur verðmætasta tegundin á Íslandsmiðum og var 34% af heildarafilverðmæti. Karfi var næstverðmætasta tegundin og jókst aflaverðmæti hans um 20% frá síðasta ári. Þar á eftir voru ýsa og sild eins og sjá má á mynd 37.

Aflaverðmæti eftir tegundum árið 2010



Heimild: Hagstofa Íslands


Fiskeldi á Íslandi

Fiskeldi á Íslandi má rekja aftur til síðari hluta nítjándu aldar þegar fyrst var reynt að frjóvga og klekja út laxahrognum og sleppa kviðpokaseiðunum í ár. Um miðja tuttugustu öldina hófst matfiskeldi með regnbogasilung að Laxalóni í Reykjavík. Áhugi fyrir fiskeldi jókst á síðari hluta níunda áratugar og fór framleiðslan, aðallega lax en þó eitthvað af regnbogasilungi, úr 150 tonnum árið 1985 upp í 3.000 tonn árið 1990. Framleiðslan hélst svo nokkuð stöðug fram yfir aldamót en fór svo að aukast allnokkuð fyrir tilstuðlan stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna. Árið 2006 náði framleiðslan hámarki eða um 10.000 tonnum, þar af komu tæplega 7.000 tonn úr laxeldi. Til að setja stærð fiskelda á Íslandi í samhengi þá var heildarafli landsins árið 2006 um 1,1 milljón tonna. Mikill samdráttur varð í laxeldi eftir 2006 þegar tvær af stærstu laxeldisstöðvum landsins hættu starfsemi og árið 2007 var framleiðslan úr laxeldi rétt rúm 1.000 tonn. Í dag er bleikja meginuppistaða framleiðslu úr fiskeldi og þar á eftir koma lax og þorskur.


Heildarframleiðsla úr fiskeldi var 4.800 tonn (heill óslægður fiskur) árið 2010. Áætlun fyrir árið 2011 er upp á 5.620 tonn og munar þar mest um aukningu í bleikju og laxi. Búist er við frekari aukningu á næstu árum. Framleiðslugeta fyrirtækja hefur jafnt og þétt verið að aukast og ný fyrirtæki hafa hafið starfsemi síðastliðin ár. Áætlað er að ársframleiðsla úr fiskeldi geti náð hátt í 10.000 tonn á næstu fimm árum.

Árið 2010 var útflutningsverðmæti á eldisfiski 3,1 milljarðar króna. Útflutningsverðmæti hefur aukist undanfarin ár eftir mikla lækkun árið 2007 vegna falls í framleiðslu. Á síðasta ári voru um 1,4 þúsund tonn af eldisilungi, þ.e. bleikju og regnbogasilungi, flutt úr landi fyrir um 1,5 milljarða króna. Útflutningsverðmæti eldislax var komið í 1,1 milljarð króna árið 2010 og hefur hækkað þó nokkuð eftir hrun laxeldis árið 2006, aðallega vegna verðhækkana á laxi á alþjóðlegum mörkuðum. Tölur um útflutningsverðmæti eldisþorski liggja ekki fyrir þar sem Hagstofa Íslands aðgreinir ekki eldisþorski frá villtum þorski nema að litlu leyti. Ef hins vegar er miðað við meðalverð á villtum þorski var áætlað útflutningsverðmæti eldisþorski 0,3 milljarðar króna árið 2010.

Slátrun á eldisfiski í þúsundum tonna, heill óslægður fiskur



Útflutningsverðmæti eldisfisks í milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2010



SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2010

Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Fyrsta ráðstefna Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík, mánudaginn 6. september og þriðjudaginn 7. september. Heiti ráðstefnunnar var **Hafsjór tækifæra**. Ráðstefnan var vel sótt og skráðu sig 314 manns en þátttakendur voru flestir um 250 í ráðstefnusal fyrir hádegi á mánudeginum.

Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

Dagskrá ráðstefnunnar

Fyrir hádegi á mánudeginum voru allir þátttakendur í einum sal og voru eftirfarandi erindi flutt:

- Ávarp sjávarútvegsráðherra
- Sjávarútvegsráðstefnan - hugmyndafræði, skipulag og tækifæri
- Getur íslenskur sjávarútvegur vaxið um 50 milljarða á næstu 5 árum?
- Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs í alþjóðlegu samhengi
- Rannsóknir og nýsköpun í alþjóðlegu samhengi
- Verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi

Eftir hádegi á mánudeginum var salnum síðan skipt í tvær málstofur og var eftirfarandi efni tekið fyrir:

- Markaðsmál og vörubrúun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur

Lok ráðstefnunnar var síðan í sameiginlegri málstofa á þriðjudeginum. Þar voru kynntar samantektir úr málstofum og jafnframt var panel sem fimm aðilar tóku þátt í.



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Ráðstefnusalurinn frá öðru sjónarhorni.



Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra í ræðupúlti.

Móttaka hjá HB Grandi

HB Grandi var einn af aðalstyrktaraðilum Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010. Í lok erinda á mánudeginum bauð HB Grandi til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Norðurgarði, en þar mætti stór hluti ráðstefnugesta.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru samtals 26 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; HB Grandi, Landsbankinn og Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrósröð voru: Faxaflóahafnir, Fiskmarkaður Íslands, Fjarðarnet, Fram Foods, Hafnarfjarðarhöfn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Lýsi, Íslandsbanki, Marel, Maritech, Mátis, Oddi, Plastprent, Reiknistofa fiskmarkaða, Samhentir Kassagerð, Síldarvinnslan, Skinney – Þinganes, Smyril Blue Water, Vélasalan, Vinnslustöðin og Ögurvík.

Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri að halda þátttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2010 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, fundastjórum og öðrum sem aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2010, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is/



Sigurður Bogason í ræðupóliti að flytja samantekt frá málstofu A, Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins og Jón Prándur Stefánsson.

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf., Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins á sér mynd og frá vinstri; Sjöfn Sigurísladóttir, Hjörtur Gíslason, Halldór Þórarinnsson, Svavar Svavarsson og Halldór Ármannsson.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010



Þátttakendur í panel frá vinstri; Erla Kristinsdóttir, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Eggert B. Guðmundsson, Friðrik Pálsson og Helga Viðarsdóttir.




NAVIS EHF • FLATAHRAUNI 5A • 220 HAFNARFIRÐI

WWW.NAVIS.IS • NAVIS@NAVIS.IS • SÍMI: 544 2450

- SKIPAHÖNNUN
- RÁÐGJÖF
- EFTIRLIT





Persónuleg og traust þjónusta um allan heim.

Við hlökkum til að sjá þig á sýningarbásnum okkar, **E31**,
á Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi, 22.-24. september.

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi.

Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í sjávarútvegi og er þar traustur bakhjarl og samstarfsaðili.

Við tökum vel á móti þér á Sjávarútvegssýningunni í Fífunni (sýningarrými E10).

JONSSON & LE MACIS • J115 • SÍA





Rannsóknir í þágu sjávarútvegs

Matís ohf. er í mörgum skilningi mikilvæg auðlind fyrir Íslendinga. Fyrirtækið er lykilaðili í matvælarannsóknum og matvælaöryggi og hefur að baki sér þekkingu 100 starfsmanna sem eru sérfræðingar og vísindamenn á ólíkum sviðum.

Rannsóknir eru íslenskum sjávarútvegi mikilvægar því þær styðja framþróun, nýsköpun og markaðsstarf greinarinnar. Hjá Matís er stöðugt unnið að fjölda rannsóknarverkefna sem tengjast sjávarútvegi með ýmsum hætti. Þannig leitum við sífellt svara og vitum alltaf meira í dag en í gær.

Gildi Matís

- Frumkvæði
- Sköpunarkraftur
- Metnaður
- Heilindi

Hlutverk Matís er að

- ... efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs
- ... tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu
- ... bæta lýðheilsu

Stefna Matís er að

- ... vera framsækið þekkingarfyrirtæki sem eflir samkeppnishæfni Íslands og skilar þannig tekjum til íslenska ríkisins
- ... vera eftirsóttur, krefjandi og spennandi vinnustaður með fyrsta flokks aðstöðu þar sem starfsmenn njóta sín í starfi
- ... hafa hæft og ánægt starfsfólk



www.matis.is

maritech

- tryggir þér samkeppnisforskot



Maritech er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveginn. Lausnirnar spanna alla virðiskeðjuna, frá fiskeldi og veiðum til sölu og dreifingar.

Nýjustu upplýsingar eru forsenda réttra ákvarðana

maritech

Borgartún 26 » 105 Reykjavík
Hafnarstræti 102 » 600 Akureyri

Sími: 545 3200 » Fax: 545 3201
sala@maritech.is » www.maritech.is



Microsoft Dynamics

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Markaðs- og sölubjálfun fyrir starfsmenn fyrirtækja sem selja sjávarafurðir á erlendum mörkuðum

Samningatækni og menningarmunur
26. október frá 12.00–17.30

Sala og þjónusta á markaði erlendis
9. nóvember frá 12.00–17.30

Markaðsupplýsingar og tímastjórnun
6. desember frá 13.00–16.30

Kynningartækni á sölufundum
11. janúar 2012 frá 12.00–17.30

Íslandsstofa býður upp á námskeið í markaðs- og sölubjálfun sem er sniðin að þörfum starfsmanna fyrirtækja sem markaðssetja og selja sjávarafurðir á erlendum mörkuðum. Námskeiðið stendur yfir fjóra mánuði og verður ein vinnustofa í mánuði.

Þátttökugjald er kr. 100.000 á fyrirtæki miðað við einn þátttakanda. Óski fyrirtæki eftir að senda fleiri þátttakendur er kostnaður kr. 25.000 á hvern auka þátttakanda, en einungis þrjú þátttakendur komast að frá hverju fyrirtæki. Innifalið í þátttökugjaldi eru námsgögn, fyrirlestrar og veitingar.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig í verkefnið þurfa að gera það fyrir fimmtudaginn **20. október** með tölvupósti á bjorn@islandsstofa.is.

Nánari upplýsingar veita Björn H Reynisson verkefnisstjóri, bjorn@islandsstofa.is og Hermann Ottósson, forstöðumaður markaðsþróunar, hermann@islandsstofa.is.





ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Frá veiðum til neytenda

– Lausnin er hjá okkur

Framsæknar tækja- og hugbúnaðarlausnir okkar byggja á hugviti, verkþekkingu og nánu samstarfi við fiskiðnaðinn í meira en aldarfjórðung. Okkar markmið er ávallt að tryggja hámarksafköst, framleiðni og arðsemi viðskiptavina okkar.



 **marel**

Styrktaraðilar sjávarútvegsráðstefnunnar

